

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Umpólun í Evrópumálum: Evrópustefna Framsóknarflokksins

Ritgerð til BA gráðu
Nafn nemanda: Kristján Snæbjörnsson
Leiðbeinandi: Eiríkur Bergmann
Sumar 2014



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Umpólun í Evrópumálum: Evrópustefna Framsóknarflokksins

Ritgerð til BA gráðu
Nafn nemanda: Kristján Snæbjörnsson
Leiðbeinandi: Eiríkur Bergmann
Sumar 2014

Einkunn og stimpill



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Útdráttur

Fjallað er um Evrópustefnu Framsóknarflokksins á lýðveldistímanum og sýnt fram á hvernig afstaða flokksins til Evrópumála hefur að miklu leyti mótast af því hvort flokkurinn hefur verið í ríkisstjórn eða stjórnarandstöðu þegar ákvarðanir hafa verið teknar hverju sinni. Evrópustefna flokksins er skýrð út frá kenningum um ESB efahyggju og þjóðernishyggju með tilvísan í sögulega arfleið flokksins. Rannsóknarspurning verkefnisins er: Hvað skýrir vendingar Framsóknarflokksins í Evrópumálum eftir hrun? Vegna tveggja grundvallarstefnubreytinga sem urðu á tímabilinu er niðurstaðan tvíþætt. Aðildarsinnuð stefna var mótuð innan flokksins eftir yfirgripsmikið grasrótastarf sem stóð yfir á árunum 2001-2009. Sú umræða sem þá hafði farið fram innan flokksins var upplýst, opinská og lýðræðisleg þar sem allir fletir málsins voru kannaðir. Umræðan leiddi til þess að margir efasemdamenn innan flokksins breyttu afstöðu sinni í jákvæða átt gagnvart hugsanlegri aðild Íslands að ESB. Hin aðildarfælna Evrópustefna Framsóknarflokksins átti rót sína að rekja til kröftugra andmæla nýrrar forystusveitar flokksins gegn Icesave samningunum. ESB varð fljótlega í Icesave umræðunni skotspónn margra andstæðinga samninganna og virðist sem sú umræða hafi leitt til aukinnar ESB efahyggju íslensks almennings sem kristallaðist í málflutning nýrrar forystu Framsóknarflokksins. Túlka má niðurstöðurnar á þann hátt að ólík aðferðafræði hafi einkennt stefnubreytingarnar. Sú fyrri kom frá grasrótinni en sú síðari frá flokksforystunni án samskonar umræðu og fór fram í hinni fyrri stefnumótun.

Lykilorð: Framsóknarflokkurinn, íslensk stjórnsmál, utanríkismál, Evrópusambandið, Evrópusamruninn, ESB-efahyggja.

Formáli

Þessi ritgerð er 12 ECTS eininga lokaverkefni til BA-gráðu í HHS; heimsspeki, hagfræði og stjórnmálfræði við Háskólann á Bifröst. Ritgerðin ber yfirskriftina: „Umpólun í Evrópumálum: Evrópustefna Framsóknarflokksins“. Verkefnið var unnið á sumarönn 2014 undir leiðsögn Dr. Eiríks Bergmann og fær hann bestu þakkir fyrir gagnlegar athugasemdir og hagnýt ráð. Sérstakar þakkir fá móðir mín, Lilja Á. Guðmundsdóttir, og eiginmaður hennar, Ingólfur Sverrisson, fyrir yfirlestur og gagnlegar ábendingar varðandi efnistöð, mál og stíl. Systir mín, Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, fær ríkulegar þakkir fyrir aðstoð við uppsetningu og frágang heimilda. Þá vil ég einnig þakka föður mínum, Snæbirni Kristjánssyni, fyrir veitta aðstoð.

Efnisyfirlit

1 Inngangur	7
2 Fræðileg umræða.....	12
2.1 ESB efahyggja	12
2.2 Þjóðernishyggja	17
3 Framsóknarstefnan	20
3.1 Árdagar	20
3.2 Núgildandi grundvallarstefnuskrá Framsóknarflokksins.....	22
4 Evrópustefna Framsóknarflokksins	24
4.1 Stiklað á stóru frá 1916-1970	24
4.2 Lokaskeið formannstíðar Steingríms Hermannsonar 1988-1994.....	26
4.3 Formannstíð Halldórs Ásgrímssonar 1994-2006.....	28
4.3.1 Skýrsla utanríkisráðherra um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi.....	29
4.3.2 Fyrri Evrópunefnd Framsóknarflokksins	30
4.3.3 Aðildarsinnuð ESB umræða fjarar út.....	31
4.3.4 Síðari Evrópunefnd Framsóknarflokksins	32
4.4 Þrír formenn á þremur árum 2006-2009.....	34
4.5 Formannstíð Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar 2009-.....	36
4.5.1 Flokksþing Framsóknarflokksins 2009	36
4.5.2 Alþingiskosningar 2009	38
4.5.3 Icesave deilan og breyttar áherslur í Evrópumálum.....	39
4.5.4 Flokksþing 2011.....	42
4.5.5 Eftirmálar	44
5 Niðurlag.....	46
6 Lokaorð	49
7 Heimildaskrá	50

1 Inngangur

Afstaða þjóðarinnar til Evrópusamrunans hefur lengi verið mikið hitamál í íslenski stjórnmalasögu. Hart hefur verið tekist á um málaflokkinn á vettvangi Alþingis, innan stjórnmalaflokka og í almennri þjóðfélagsumræðu.

Í doktorsritgerð sinni og síðar í bókinni *Sjálfstæðri þjóð* sýnir Eiríkur Bergmann, stjórnmalafraeðingur, á áhugaverðan hátt fram á hvernig afstaða íslenskra stjórnmalaflokka til Evrópusamrunans er breytileg frá einum tíma til annars og oft á tíðum þvert á pólitískar átakalínur. Með það í huga er vert að benda á að aðeins örfá dæmi finnast í íslenski stjórnmalasögu um að áhrifamikill stjórnmalaflokkur setji fram aðildarsinnaða ESB stefnu. Að íslenskur stjórnmalaflokkur marki sér aðildarsinnaða ESB stefnu en kasti henni fyrir róða skömmu síðar er hins vegar einsdæmi eins og útskýrt verður í þessari ritgerð.

Í stuttri samantekt Baldurs Þórhallssonar, prófessors í stjórnmalafraeði, sem hann birti fyrir á þessu ári er stiklað á stóru um stefnumál íslenskra stjórnmalaflokka í Evrópumálum:

„Evrópastefnur íslenskra stjórnmalaflokka var um langt árabíl gefið heitið að bíða og sjá til. Stefnan var svo kölluð í stjórnmalafraeði þar sem flokkarnir tóku ekki afstöðu til þess hvort sækja ætti um aðild að Evrópusambandinu eða ekki.“ (Baldur Þórhallsson, 2014)

Baldur áréttar hins vegar að stefnur flokkanna í aðildarmálum séu nú orðnar mun skýrari.

Sjónarmið allflestra íslenskra stjórnmalaflokka gagnvart ESB aðild tengjast hugsjónum og stefnuskrám þeirra órjúfanlegum böndum. Þess vegna er rétt að greina strax í upphafi frá ólíkri Evrópastefnu þeirra sex stjórnmalaflokka sem nú eiga sæti á Alþingi.

Framsóknarflokkurinn hafði verið neikvæður gagnvart ESB aðild fram til ársins 2001 þegar flokksforustan tók upp „að bíða og sjá til“ stefnuna (Baldur Þórhallsson, 2014). Í kjölfarið fór fram umfangsmikið grasrótarstarf innan flokksins í Evrópumálum sem leiddi til þess að aðildarsinnuð ESB stefna með ákveðnum fyrirvörum var sett fram árið 2009. Tveimur árum síðar var formlega vikið frá þeirri stefnu og áréttað að flokkurinn teldi að Ísland ætti ekki sækjast eftir ESB aðild. Því má segja að án hliðstæðu í íslenski stjórnmalasögu breytti Framsóknarflokkurinn afstöðu sinni til ESB aðildar í tvígang á tveimur árum.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur löngum haft á stefnuskrá sinni að Ísland skuli vera utan ESB en þó rúmast þó nokkrir Evrópusinnar ennþá innan flokksins. Vert er að gefa því gaum að Sjálfstæðisflokkurinn tók ekki skýra afstöðu í málinu fyrir en árið 1996 þegar landsfundur ákvað að Íslandi skyldi ekki sækja um aðild að ESB. Fram að því hafði flokkurinn ekki útilokað neitt í þeim efnum (Baldur Þórhallsson, 2014). Athyglisvert er reyndar að nýverið

hefur orðið til vísir að klofningi innan Sjálfstæðisflokksins þar sem hluti flokksmanna vill kljúfa sig frá flokknum og mynda nýtt hægrisinnað stjórn málaafl með ESB aðildarviðræður sem eitt af meginmarkmiðum sínum.

Samfylkingin var stofnuð árið 1999 í tilraun til þess að sameina vinstri- og jafnaðarmenn í öflugt stjórn málaafl. Alþýðuflokkurinn var einn þeirra flokka sem rann inn Samfylkinguna og hafði hann fyrstur íslenskra stjórn málaflokka sett ESB aðild á stefnuskrá sína árið 1994 (Eiríkur Bergmann, 2011). Aðildarsinnuð ESB stefna varð til innan Samfylkingar árið 2002 eftir að póstkosning meðal félagsmanna leiddi í ljós vilja mikils meirihluta þeirra til að móta slíka stefnu (Eiríkur Bergmann, 2011). Í kjölfarið gengu margir andstæðingar ESB aðildar úr flokknum og stofnuðu nýtt stjórn málaafl, Vinstri hreyfinguna grænt framboð. Í Vinstri hreyfinginuna grænt framboð söfnuðust margir fyrrum Alþýðubandalagsmenn ásamt ýmsum öðrum. Alþýðubandalagið hafði löngum verið einhver helsti andstæðingur Evrópusamrunans í íslenskum stjórn málum og talað ákveðið gegn þeirri þróun (Eiríkur Bergmann, 2011). Vinstri hreyfingin grænt framboð hefur því alla tíð verið andsnúin ESB aðild og virðist sú afstaða ekki líkleg til að breytast á næstunni.

Með það í huga er athyglisvert að skoða hvernig aðildarviðræður Íslands og ESB hófust á sínum tíma. Var það að undirlagi Samfylkingarinnar en svo virðist sem Vinstri hreyfingin grænt framboð hafi nauðug þurft að samþykkja aðildarumsókn Íslands að ESB sem grundvöll fyrir ríkisstjórnarsamstarfi flokkanna á árunum 2009-2013. Á endanum samþykkti Vinstri hreyfingin grænt framboð að hefja aðildarviðræður, þvert gegn stefnu sinni. Hins vegar ítrekaði flokksforystan að aðildarviðræður væru ekki það sama og aðild að ESB, flokkurinn væri þannig opinn fyrir því að athuga hvað kæmi út úr slíkum viðræðum en á endanum fengi þjóðin að kjósa um málið. Síðar verður vikið að því hvernig þessi umdeilda ákvörðun flokksforystunnar, auk annarra, varð til þess að fjórir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs yfirgáfu þingflokkinn á miðju kjörtímabili.

Tvö spáný stjórn málaöfl komu nýverið inn á svið íslenskra stjórn mála. Eftir síðustu alþingiskosningar náðu bæði Björt framtíð og Píratar mönnum inn á þing. Í kosningabaráttunni var ekki fullljóst hver afstaða flokkanna væri í aðildarmálinu, þó töluðu báðir flokkar fyrir því að ljúka ætti yfirstandandi aðildarviðræðum við ESB (Baldur Þórhallsson, 2014) Síðar hefur komið á daginn að ESB aðild er eitt helsta stefnumál Bjartrar framtíðar á meðan Píratar taka ekki skýra afstöðu í málinu þar sem þeir telja það „ekki hlutverk stjórn málaflokka að taka afstöðu með eða á móti aðild en aftur á móti eiga þeir að

vera búnir undir hvora niðurstöðuna sem er.“ (Stefna Pírata um Evrópumál, e.d.) Hér virðist vera um að ræða nýstárlega framsetningu á „bíða og sjá til“ stefnunni.

Þessi stutta yfirferð sýnir að breytingar á grundvallarafstöðu íslenskra stjórnámálflokka til mögulegra aðildarviðræðna við ESB hafa ávallt leitt til titrings. Þó ólík sjónarmið þrífist innan flestra flokka hefur stefnubreyting varðandi ESB aðild undantekningarlaust leitt til klofnings innan þeirra raða með tilheyrandi brotthvarfi úr flokkunum.

Kemur það höfundi spáskt fyrir sjónir hvernig elsti starfandi stjórnámálflokkur landsins getur viðrað tvenn gjörólík grundvallarsjónarmið á svo skömmum tíma. Í þessari ritgerð er því ætlunin að finna skýringar á þessari atburðarrás innan Framsóknarflokksins. Eðlilegt er að velta fyrir sér mögulegum ástæðum þess hvers vegna Framsóknarflokkurinn kúventi í afstöðu sinni til Evrópusambandsins, frá því að vera fylgjandi aðild Íslands að sambandinu, í það að vera algerlega afhuga henni. Leitast verður við að skýra þróun Evrópumála innan flokksins og reynt að útskýra breytta Evrópustefnu Framsóknarflokksins eftir hrun. Mikil gerjun hefur átt sér stað í Evrópumálum innan flokksins á síðustu árum. Fyrir þær sakir er rannsóknarspurningin þessi:

Hvað skýrir vendingar Framsóknarflokksins í Evrópumálum eftir hrun?

Rétt er að taka fram að orðið *hrun* vísar til bankahrunsins á Íslandi haustið 2008.

Tilgangur og markmið verkefnisins er að útskýra helstu stefnubreytingar sem orðið hafa á Evrópustefnu Framsóknarflokksins eftir bankahrunið á Íslandi haustið 2008. Eins og þekkt er urðu vatnaskil í íslenskum stjórnámálum í kjölfar hrunsins. Umdeildar aðgerðir þáverandi og fyrrverandi stjórnvalda leiddu til umfangsmikilla og langvarandi mótmæla á Austurvelli þar sem íslenskur almúgi krafðist umbóta á stjórnarháttum ríkisins. Leiddi það til stjórnarslita meirihlutasamstarfs Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks en forsætisráðherra fann sig knúinn til að leysa upp þingið og boða til nýrra kosninga. Ný minnihlutastjórn Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs tók við út kjörtímabilið og í kjölfar alþingiskosninga vorið 2009 tókst Samfylkingu og Vinstri hreyfingunni grænu framboði að mynda meirihlutastjórn. Grundvallaratriði í stjórnarsáttmála nýju ríkisstjórnarinnar var að Ísland skyldi sækja um aðild að ESB. Umfangsmiklar tvíhliða samningaviðræður milli Íslands og ESB voru síðan langt á veg komnar þegar næstu Alþingiskosningar fóru fram vorið 2013. Að þeim loknum stóð Framsóknarflokkurinn uppi sem ótvíræður sigurvegari kosningana. Í kjölfarið fékk Sigmundur Davíð Gunnlaugsson umboð forseta Íslands til þess að leiða ríkisstjórnarmyndun. Úr varð að Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur mynduðu


Samsteypustjórn með Sigmund Davíð Gunnlaugsson sem forsætisráðherra. Eitt af fyrstu verkum hinnar nýmynduðu stjórnar var að fá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til að gera úttekt á aðildarviðræðum Íslands við ESB. Skömmu eftir að skýrslan kom út ákvað ríkisstjórnin að slíta ætti aðildarviðræðunum.

Kveikjuna að þessu verkefni má rekja til þess þegar núverandi utanríkisráðherra, Gunnar Bragi Sveinsson, lagði fram þingsályktunartillögu á Alþingi um að slíta aðildarviðræðum Íslands við ESB. Mikil ólga varð í samfélaginu eftir að þessi áform ríkisstjórnarinnar litu dagsins ljós, sér í lagi vegna loforða sem báðir stjórnarflokkar höfðu gefið í aðdraganda alþingiskosninga 2013 þess efnis að þjóðin ætti að fá að greiða atkvæði um hvort aðildarviðræðum yrði haldið áfram eða þeim slitið. Í upphafi langaði höfundur að rannsaka þann kostnað sem viðræðuslit hefðu í för með sér fyrir íslenska ríkið en fann síðar þörf fyrir að kafa dýpra. Úr varð greining á þróun Evrópustefnu Framsóknarflokksins. Höfundur velti mikið fyrir sér hvernig svo rótgróinn stjórn mála flokkur gæti á skömmum tíma tekið hreina u-beyju í afstöðu sinni til jafnmikilvægs máls eins og hugsanlegrar aðildar að ESB.

Áður en rannsókn hófst taldi höfundur helstu skýringar á viðhorfsbreytingum Framsóknarflokksins til ESB geta tengst ýmsum þáttum. Erfitt gæti þó reynst að finna samnefnara sem tækist að útskýra hvers vegna skipt var um Evrópustefnu tvisvar sinnum á tveimur árum. Svo virtist sem grundvallarhugsjónamunur hlyti að vera á milli forystumanna flokksins sem stóðu að aðildarsinnuðu stefnunni og þeirri sem mælti gegn aðild. Vandinn jókst því enn frekar þegar höfundur gerði sér grein fyrir að núverandi formaður flokksins stóð að baki undirritun beggja Evrópustefnanna. Hvernig gæti þetta staðist? Tengist Evrópustefna ekki hugsjónum og hugmyndafræði stjórn mála flokka órjúfanlegum böndum? Breytti Framsóknarflokkurinn um stefnu eftir hentugleika?

Höfundur átti erfitt með að geta sér til um ástæður stefnubreytinganna. Þó taldi hann líklegt að ástæða síðari stefnubreytingarinnar tengdist Icesave umræðunni sem tröllreið íslensku samfélagi upp úr 2009. Virtust ýmsir um það leyti tengja tortryggni gagnvart Icesave samkomulaginu við ESB og þróa neikvæða afstöðu til þess í kjölfarið. Um ástæður fyrri stefnubreytingarinnar gat höfundur lítið getið sér til um. Í ljósi sögunnar virtist Framsóknarflokkurinn vera talsmaður landsbyggðarinnar, bændastéttar og samvinnuhreyfingarinnar. Hvernig í ósköpunum gat sá flokkur orðið hlynntur ESB aðild?

Til að öðlast skýringar á málinu verður í þessari ritgerð fjallað um vendingar Framsóknarflokksins í Evrópumálum með tilvísun í sögulega arfleið flokksins. Leitast verður við að tengja þá umræðu við tiltekinn hugmyndfræðilega grundvöll. Yfirferðin hefst á



fræðilegri umræðu þar sem sett eru fram ákveðin undirstöðuatriði rannsóknarinnar. Eru það kenningar um ESB efahyggju og þjóðernishyggju. Í kjölfarið verður gerð grein fyrir sögulegri arfleið Framsóknarflokksins, tilurð hans og fyrir hvað hann stendur. Því næst verður fjallað ítarlega um breytingar á Evrópustefnu flokksins og að lokum verður umfjöllunin dregin saman og gerð grein fyrir niðurstöðum. Ritgerðin skiptist upp í þrjá meginkafla að undanskildum upphafsorðum og ályktunum. Reynt verður að setja efnið fram á aðgengilegan hátt, með vísan í viðeigandi heimildir, þannig að lesandi geti kafað nánar ofan í tiltekin atriði óski hann þess. Rétt er að taka fram í upphafi að höfundur er sjálfur mikill stuðningsmaður þess að aðildarviðræðum Íslands við ESB verði lokið og að þjóðinni verði gefinn kostur á að greiða atkvæði um aðildarsamning. Af þeim sökum er höfundur afar gagnrýninn á vinnubrögð núveranda stjórnvalda varðandi fyrirhuguð viðræðuslit Íslands við ESB. Engu að síður vonar höfundur að umfjöllunin sem hér fylgir sé málefnaleg og óhlutdræg.

2 Fræðileg umræða

Fræðileg nálgun höfundar á viðfangsefnið snýr alfarið að enska hugtakinu Euroscepticism en merkilega nokk virðist ekki vera til almennt viðtekin þýðing á því í íslensku fræðasamfélagi. Þannig var hugtakið ekki að finna í þeim ensk-íslensku orðabókum sem höfundur leitaði í. Til að mynda er það ekki á skrá í Hugtakasafni þýðingarmiðstöðvar utanríkisráðuneytisins (Hugtakasafn þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins, e.d.) né heldur í Íðorðasafni í alþjóðastjórn málum og stjórn málafræði er Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gaf út árið 2012 (Ágústa Þorbergsdóttir, Kristín Una Friðjónsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.), 2012).

Þó merking hugtaksins kunnir að virðast sumum augljós, er mikilvægt fyrir áframhaldandi umfjöllun að útskýra fyrirbærið nákvæmlega. Skýr samstaða er í fræðasamfélaginu um að forskeytið euro í Euroscepticism vísi til ESB og fyrirrennara þess (Harmsen og Spiering, 2005). Scepticism má síðan þýða á íslensku sem efahyggju eða tortryggni. Því má segja að Euroscepticism þýði bókstaflega efasemdir um ESB á íslensku. Mun höfundur í framhaldinu notast við orðið ESB efahyggja sem þýðingu á Euroscepticism.

Í seinni hluta þessa kafla er að finna umræða um þjóðernishyggju en hugtakið hefur verið mikið notað til að skýra neikvæða afstöðu þjóða til Evrópusamrunans. Nauðsynlegt þykir að gefa sérstöðu íslenskrar þjóðernishyggju sérstakan gaum þar sem hún hefur haft afar mótandi áhrif á pólitískar umræður hér á landi.

2.1 ESB efahyggja

ESB efahyggja er margslungið hugtak sem hefur verið skilgreint á ýmsa vegu. Í grunninn er hugtakið notað til að lýsa innbyggðum fordómum gagnvart Evrópusamrunanum. Hugtakið hefur víðtæka merkingu sem nær allt frá allsherjar höfnun á Evrópusamrunanum í núverandi mynd til mun vægari gagnrýni sem beinist að umbótatillögum á verkefninu í gegnum hægfara breytingar. Þannig eru birtingargarmyndir ESB efahyggju veruleg ólíkar frá einu landi til annars (Bellamy og Castiglione, 2000, bls. 13).

Ekki eru allir á eitt sáttir um uppruna hugtaksins. Þó menn geti rakið aftur í aldir ýmsar efasemdir um yfirþjóðlegar stofnanir er ljóst að orðið Euroscepticism birtist fyrst í breskum fjölmiðlum um miðjan níunda áratug síðustu aldar (Hylarides, 2001) (Harmsen & Spiering, 2005). Að hugtakið hafi fyrst sprottið upp í Bretlandi ætti ekki að koma mörgum á óvart enda

hafa Bretar löngum haft horn í síðu ESB af ýmsum ástæðum. Uppruna hugtaksins í Bretlandi má rekja til ólíkrar menningarlegrar og pólitískrar arfleiddar Breta samanborið við hinn ríkjandi fransk-germanska hugsunarhátt Mið-Evrópubúa. Viðhorf Breta til samþættingar efnahags- og stjórn mála Evrópuríkjanna hafa löngum verið neikvæð og þess vegna hafa Bretar verið eyrnamerkir sem efasemdameinn (Harmsen og Spiering, 2005, bls 13-17).

Þannig eru Bretar ávallt mjög ofarlega á lista í mælingum Eurobarometer yfir neikvæða afstöðu íbúa aðildarríkja til sambandsins. Sem dæmi má nefna að þegar spurt var um traust viðkomandi til ESB árið 2012 sögðust 80% Breta hafa tilhneigingu til þess að treysta ekki sambandinu (Standard Eurobarometer 77, 2012) (Leonard og Torreblanca, 2013).

Fjölmarginir erlendir fræðimenn hafa rannsakað ESB efahyggju og ólíkar birtingamyndir fyrirbærisins. Helstu skilgreiningar ESB efahyggju eru settar fram út frá sjónarhóli aðildarríkja sambandsins en í þessari ritgerð er nauðsynlegt að víkka þær út svo þær nái að útskýra aftöðu ríkis í aðildarferli. Fræðimennirnir Taggart og Szczerbiak skilgreina tvær ólíkar gerðir ESB efahyggju sem þeir nefna harða ESB efahyggju og mjúka til aðgreiningar. Hörð ESB efahyggja er grundvallarandstaða við ESB aðild og Evrópusamrunann. Slík nálgun hentar aðilum sem vilja sjá ríki sitt draga sig úr sambandinu og stjórn mála flokkum sem eru andsnúnir Evrópusamrunanum í núverandi mynd. Mjúk ESB efahyggja er síðan notuð til að útskýra viðhorf sem grundvallast ekki á allsherjar höfnun á ESB aðild og Evrópusamrunanum sem slíkum. Heldur lýtur hún að áhyggjum af tilteknum stefnumálum sambandsins sem valda óvinsældum í eigin heimalandi, þegar stefna ESB er á skjön við hagsmuni viðkomandi ríkis (Harmsen og Spiering, 2005, bls. 19) (Taggart og Szczerbiak, 2008, bls.7).

Rétt er að árétta fyrir framhaldið að þegar rætt er um ESB efahyggju í þessari ritgerð er aðeins átt við harða ESB efahyggju. Mjúk ESB efahyggja getur aðeins átt við aðstæður í aðildarríki ESB og þar sem viðfangsefni ritgerðarinnar tengist íslenskum stjórn málum hefur mjúk ESB efahyggja takmarkað gildi fyrir þá umfjöllun sem hér fer fram.

Til að glöggva sig betur á fyrirbærinu er gott að líta aðeins til fortíðar. Snemma á tíunda áratug síðustu aldar, í tengslum við staðfestingu Maastricht-sáttmálans, breiddist ESB efahyggja yfir til meginlands Evrópu og varð veigameiri þáttur í pólitískri umræðu íbúa meginlandsins. Kannanir sýna að ESB efahyggja er ört vaxandi um alla álfu samhliða stækkun sambandsins (Standard Eurobarometer 80, 2013). Norðurlöndin hafa í gegnum tíðina haft mun meiri efasemdir um Evrópusamrunann en íbúar Mið-Evrópu. Þannig hafa Norðmenn

tvívegis hafnað í þjóðaratkvæðisgreiðslu að landið gangi í Evrópusambandið og þá var afar mjótt á munum í þjóðaratkvæðagreiðslu þegar Svíar gengu í sambandið á sínum tíma.

Framkvæmdastjórn ESB (e. The European Commission) lætur reglulega kanna viðhorf almennings til Evrópusambandsins. Frá árinu 1973 hafa staðlaðar spurningakannanir verið notaðar til þess að fylgjast með þróun almenningsálits í aðildarríkjum sambandsins. Nefnast þessar kannanir Standard Eurobarometer og eru þær framkvæmdar tvisvar á ári, að vori og að hausti. Í seinni tíð hafa kannanirnar orðið umfangsmeiri og einnig náð til ríkja sem sækjast eftir aðild að ESB. Í þessum skoðanakönnunum er spurt um mýmarga hluti en helstu málaflokkarnir lúta að evrópsku samfélagi, stækkun ESB, félagslegum aðstæðum, heilsu, menningu, upplýsingatækni, umhverfi, Evrunni og varnarmálum (Public Opinion, e.d.). Með þessu hefur orðið til umfangsmikið gagnasafn þar sem hægt er að lesa úr stefnur og strauma innan aðildar- og umsóknarríkja ESB.

Í tengslum við þessa ritgerð er áhugavert að huga aðeins að því hvernig traust almennings til ESB hefur þróast í gegnum tíðina. Ekki er óeðlilegt að álykta sem svo að lítið eða ekkert traust til ESB sé ein skýrasta birtingarmynd ESB efahyggju. Þó má leiða líkur að því að lítið traust til ESB þýði ekki endilega allsherjar höfnun á Evrópusamrunanum, slíkt gæti einnig verið merki um mjúka ESB efahyggju. Í nýjustu útgáfu Standard Eurobarometer, sem er sú áttugusta frá upphafi og var gerð haustið 2013, kemur fram að traust til ESB er rétt yfir sögulegu lágmarki sem mældist í síðustu könnun þar á undan, það er að segja EB79. 58% Evrópubúa segjast nú ekki treysta ESB á meðan 31% segjast treysta sambandinu en 11% taka ekki afstöðu (Standard Eurobarometer 80, 2013). Í 20 af 28 aðildarríkjum ESB eru fleiri sem vantreysta sambandinu en þeir sem bera traust til þess. Mesta ESB-efahyggjan mælist í Grikklandi þar sem 77% þáttakenda segjast ekki treysta ESB. Þá kemur Kýpur með 75%, Spánn 71%, Portúgal 68%, Bretland 67%, Frakkland 63%, Ítalía 62% og Tékkland 61% (Standard Eurobarometer 80, 2013).

Önnur og skýrari birtingarmynd aukinnar ESB efahyggju innan sambandsins kemur fram í úrslitum nýjustu kosninga til Evrópuþingsins. Í mörgum aðildarríkjum ESB unnu öfgasinnaðir þjóðernisflokkar, sem eru í grundvallaratriðum andvígir Evrópusamrunanum, mikið á og bættu við sig töluverðu fylgi. Rennur það frekari stoðum undir aukna ESB efahyggju þarlendra íbúa. Sem dæmi má nefna sögulega kosningasigra UKIP í Bretlandi og Front National í Frakklandi þar sem þessir öfgasinnuðu þjóðernisflokkar voru í fyrsta sinn hlutskarpastir í kosningum á landsvísu (Traynor, 2014) (Taylor og Robin, 2014).

Hvað skýrir eiginlega ESB efahyggju? Fyrst og fremst eru það viðhorf sem tengjast þjóðernishyggju og þjóðarhagsmunum. Í annan stað eru það útbreiddar hugmyndir almennings um lýðræðishalla innan ESB. Breski stjórn mála- og fræðimaðurinn David Marquand notaði lýðræðishallahugtakið til að lýsa vandamáli sem Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), fyrirrennari ESB, stóð frammi fyrir. Hann ræddi þá um ætlaðan skort á lýðræðislegum vinnubrögðum innan stofnana ESB og að slíkt væri andstætt viðteknum lýðræðisvenjum í stjórnarháttum aðildarríkja sambandssins (Sieberson, 2008, bls. 446).

Marquand átti þannig við að innan stofnana ESB væru oft á tíðum pólitískt skipaðir embættismenn sem bæru ábyrgð á stefnumótun og ákvarðanatöku en ekki lýðræðislega kjörnir fulltrúar. Slík staða er gjörólík því sem tíðkast í landsmálum aðildarríkjanna þar sem rík krafa er um að vilji borgaranna ráði alfarið hverjir stjórn landinu hverju sinni. Því er sagt að ESB hafi mistekist að uppfylla grundvallarlýðræðisskilyrði sem það krefst sjálft af aðildarríkjum sínum (Bohman, 2010, bls. 390). Þetta virðist vera nokkuð merkileg þversögn. Nú virðist hinsvegar sem stór skref hafi verið stigin til þess að uppræta þetta fyrirbæri. Með þessa yfirþyrmandi gagnrýni á bakinu hefur ESB unnið markvisst að því að draga úr lýðræðishalla innan sambandsins. Ekki er nauðsynlegt að rekja það ferli hér til hlítar en í stuttu máli má segja að Evrópuþingið hefur hægt og bítandi fengið aukið vægi innan stofnanakerfis ESB með hverjum samþykktum sáttmála, allt frá undirritun einingarlaga Evrópu árið 1986 til gildistöku Lissabonsáttmálans árið 2009. Mikilvægasta breytingin í öllu þessu ferli er sú að Evrópuþingið, með sínum lýðræðislega kjörnu fulltrúum, á nú hlut að máli í sérhverri löggjöf sem ESB sendir frá sér (Nugent, 2010, bls. 55-81). Lýðræðishalli innan ESB er því ekki lengur nærri eins mikill og margir vilja halda fram. Vandamálið er hins vegar að þrátt fyrir að ESB hafi tekið markviss skref til þess að stemma stigu við lýðræðishalla innan sambandsins, virðist álit almennings ekki endurspegla þessa þróun. Sieberson bendir á að niðurstöður skoðanakannana sýni að meginþorri almennings skilji ekki uppbyggingu sambandsins, starfsemi þess og þá kosti sem það býður. Þess vegna hefur fólk tilhneigingu til þess að halda því fram að ESB sé á einhvern hátt ólýðræðislegt í eðli sínu. Hins vegar telur Sieberson slíkar ályktanir einfaldlega byggðar á fáfræði (Sieberson, 2008, bls. 448).

Þessi ætlaði lýðræðishalli veldur tortryggni hjá almenningi og birtist vandamálið í sífellt minni þáttöku almennings í kosningum til Evrópuþingsins. Þannig hefur hlutfall þátttakenda í Evrópuþingskosningum alltaf lækkað frá einu kjörtímabili til þess næsta, allt frá fyrstu Evrópuþingskosningunum árið 1974 til þeirra sem fóru fram árið 2009. Í kosningunum sem fram fóru síðastliðið vor tókst loks að rjúfa vítahring sífellt minnkandi þáttöku en hlutfallsleg

aukning mill kjörtímabíla var þó varla marktæk eða 0,09% (Results of the 2014 European elections, e.d.).

ESB efahyggju á Íslandi má að mestu leyti skýra út frá þeim forsendum sem nefndar voru hér að ofan, það er að segja út frá þjóðernishyggju og þjóðarhagsmunum auk vanþekkingar á eðli, uppbyggingu og starfsemi stofnanakerfis Evrópusambandsins. Sem kunnugt var Ísland í miðjum aðildarviðræðum við ESB þegar núverandi stjórnvöld ákváðu að gera hlé á aðildarviðræðunum. Margir Íslendingar voru og eru enn spenntir fyrir því að sjá hvað slíkur aðildarsamningur feli í sér þó flestar kannanir bendi til þess að meirihluti Íslendinga sé andvígur aðild landsins að Evrópusambandinu. Samkvæmt skoðanakönnun Þjóðarpúls Capacent frá því í mars á þessu ári eru tæp 47% aðspurðra andvígir aðild Íslands að ESB en rúmlega 37% hlyntir henni. Í samskonar könnun frá júní 2010 reyndust 59% aðspurðra andvígir og 26% hlyntir henni (Capacent Gallup, 2014). Af þessari könnun að dæma virðist ESB efahyggja á einhverju undanhaldi meðal landsmanna en hafa ber í huga að aðildarsinnar eru færri en andstæðingar aðildar.

Þegar rýnt er í niðurstöður síðustu Standard Eurobarometer könnunarinnar má sjá að á Íslandi sögðust 49% aðspurðra í könnuninni vantroysta ESB og 40% bera traust til þess. 11% tóku ekki afstöðu. Í því samhengi er athyglisvert að líta til þess að 33% aðspurðra á Íslandi töldu mögulega aðild Íslands að ESB vera af hinu góða (9% aukning frá EB79) á meðan sama hlutfall eða 33% töldu slíkt vera slæman kost (9% samdráttur frá EB79). 29% töldu mögulega aðild hvorki góðan né slæman kost. Þannig má lesa úr könnuninni að stuðningur við aðild Íslands að Evrópusambandinu hefur aukist töluvert eins og niðurstöður Þjóðarpúls Capacent gefa einnig til kynna. Í könnun Eurobarometer eru hlutföll stuðningsmanna aðildar og andstæðinga hennar jöfn fyrsta sinn (Standard Eurobarometer 80, 2013).

Hvað ætli skýri viðhorfsbreytingar almennings á Íslandi til hugsanlegrar ESB aðildar? Erfitt er um að segja en nærtækast er að skoða þær í ljósi Evrópustefnu núverandi stjórnvalda. Staðfast stefna stjórnvalda á viðræðuslit fór öfug ofan í marga landsmenn þar sem mörgum þykir forvitnilegt að fá að vita hvað aðildarsamningur við ESB feli í sér, jafnvel þótt þeir séu ekki áhugasamir að ganga í sambandið.

Fræðimennirnir Baldur Þórhallson og Gunnar Helgi Kristinsson benda á í grein sem kallast „The Euro-sceptical political elite“ sem má finna í bókinni „Iceland and European Integration“ að ákveðið misræmis hefur löngum gætt í íslenskum stjórnmálum þar sem jafnvel þótt skoðanakannanir hafi bent sterklega til þess að íslenskur almenningur hafi viljað setja

aðildarviðræður á oddinn þá höfðu pólitískir ráðamenn á alþingi eða stjórn málaelítan haft mun neikvæðari afstöðu til málsins. Ræða þeir Baldur og Gunnar um að í aðdraganda aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) hafi verið ákveðin krafa í þjóðfélaginu um að fara með málið alla leið með því að sækja um aðild að ESB. Slíkur málflutningur hafði ekki náð til stjórn málaelítunnar (Baldur Þórhallson og Gunnar Helgi Kristinsson, 2004).

2.2 Þjóðernishyggja

Birgir Hermannsson, prófessor í stjórnmálafræði, hefur rannsakað sérkenni íslenskrar þjóðernishyggju ítarlega. Í doktorsritgerð hans, *Understanding Nationalism – studies in Icelandic Nationalism, 1800-2000*, kemur fram að engin almenn samstaða ríki í hinu alþjóðlega fræðasamfélagi um hvernig megi skilgreina þjóðernishyggju. Allar tilraunir til víðtækrar skilgreiningar á þjóðernishyggju eru gallaðar á einhvern hátt að mati Birgis. Þótt margar þeirra séu vissulega gagnlegar að mörgu leyti hafa þær allar einhverjar takmarkanir. (Birgir Hermannsson, 2005)

Eiríkur Bergmann tekur undir skoðanir Birgis. Hann bendir á að þjóðernishyggja grundvallist á hugtakinu þjóð sem sé afar flókið og margslungið hugtak. Reyndar gengur Eiríkur svo langt að segja: „Hugtakið þjóð er líklega eitthvert flóknasta hugtak félagsvísinda og þrátt fyrir áratugalanga fræðilega umræðu hefur reynst erfitt að skilgreina hvað einkennir þjóðir.“ (Eiríkur Bergmann, 2009). Fyrir þá umræðu sem hér fer fram er ekki nauðsynlegt að beita tiltekinni kenningu um þjóðernishyggju heldur er mikilvægara að benda á sérstök einkenni íslenskrar þjóðernishyggju og hvernig hún skýtur sífellt upp kollinum í allri íslenskri stjórnmálaumræðu.

Rannsóknir Birgis Hermannssonar hafa leitt í ljós að þjóðernishyggja hefur verið leiðandi stef í íslenskri stjórnmálaumræðu allar götur frá 1851 til vorra daga. Hann bendir á að nútímavæðing hafi ekki orsakað þjóðernishyggju hjá Íslendingum líkt og gerst hafði víða erlendis vegna þess að þegar hugmyndafræðin fer að skjóta rótum er Ísland lítið annað en vanþróað bændasamfélag. Orðræða þeirra sem töluðu á þjóðernislegum nótum höfðu mikið til bændastéttarinnar sem varð til þess að hún studdi róttækar kröfur um aukin réttindi frá Dönum. Misbauð mörgum hvernig Íslendingar höfðu glatað ýmsum réttindum og talaði Jón Sigurðsson af mikilli sannfæringu um endurupptöku þeirra skilmála sem Íslendingum hefði verið tryggðir í Gamla sáttmála (Birgir Hermannsson, 2005).


Ekki er nauðsynlegt að fara í umfangsmiklar útskýringar á þróun íslenskrar þjóðernishyggju í þessari ritgerð heldur er meiri þörf á því að benda á hvernig ýmsir íslenskir fræðimenn hafa „fjallað um mikilvægi fullveldis og þjóðernis þegar kemur að því að skýra orðræðu í íslenskum stjórnámálum.“ (Eiríkur Bergmann, 2009).

Íslensk þjóðernishyggja lýtur nokkurri sérstöðu þar sem aldrei voru neinar deilur hér á landi um stofnun þjóðríkis líkt og dæmin sýna víða erlendis. Íslenska þjóðríkið er skýrt afmarkað af náttúrunnar hendi og þá búa íbúar landsins að sameiginlegri menningararfleið. Landið er eyja, íbúarnir hennar einslitir af norrænu bergi brotnir og tala sama tungumálið. Tilurð íslenska þjóðríkisins varð því eðlileg þróun í augum landsmanna og um það hefur ríkt almennt samkomulag og viðtæk sátta alla tíð. Sérstöðu íslenskrar þjóðernishyggju má skýra með þessari samstöðu þjóðarinnar í viðhorfum auk hinnar miklu baráttu landsmanna við erlenda nýlenduherra. Þjóðernishyggja er óumdeild á meðal íslensku þjóðarinnar og vegna viðtækrar sátta og almennrar samstöðu hefur þjóðernishyggjan verið utan við pólitísk deilumál (Birgir Hermannsson, 2005) (Eiríkur Bergmann, 2009).

Baldur Þórhallsson og Gunnar Helgi Kristinsson hafa sýnt fram á að almenn samstaða ríki á Íslandi um að þjóðernishyggja sé nokkurs konar hornsteinn íslenskrar stjórnámálaumræðu. Þótt hún hafi verið skilgreind á ólíkan hátt á ólíkum tímum af ólíkum stjórnámálaöflum sé þjóðernishyggja hið sameiginlega tungumál pólitískrar umræðu á Íslandi (Gunnar Helgi Kristinsson og Baldur Þórhallsson, 2004).

Eiríkur Bergmann hefur líkt og aðrir fræðimenn bent á að íslensk þjóðernishyggja eigi rætur í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og sé unnt að nota þjóðernishugmyndir þeirra tíma til að skýra „íhaldssama afstöðu stjórnvalda til utanríkismála almennt og tregðuna í Evrópusamstarfi sérstaklega“ (Eiríkur Bergmann, 2011). Þá höfðu íslenskar þjóðernishugmyndir þróast á annan veg en víða erlendis þar sem megináherslan hefði verið á að öðlast sjálfstæði með öllum ráðum. Því hefðu önnur sjónarmið sem þykja undirstöðuatriði víða erlendis líkt og frelsi einstaklingsins og mikilvægi lýðræðislegra ákvarðana fengið lítið vægi vegna megináhrifunnar um sjálfstæði þjóðarinnar (Eiríkur Bergmann, 2011).

Þjóðernisrökin hafa alla tíð verið meginsteff umræðunnar hér á landi þegar rætt hefur verið um hugsanlega aðild Íslands að ESB. Aðrar röksemdarfærslur hafa þó verið viðraðar, einkum á efnahagslegum forsendum. Rök sem byggja á nauðsyn þess að varðveita eignarhald á íslenskum auðlindum hafa einnig borið umtalsvert á góma (Eiríkur Bergmann, 2011).



Eins og gefur að skilja hefur þjóðernishyggja einkum verið notuð til að útskýra neikvæða afstöðu ríkja til Evrópusamrunans. Andstæðingar ESB aðildar hafa haldið því fram að það samrýmist illa hugmyndum um fullveldi þjóðar og sjálfstjórnarrétt hennar að gefa eftir ákvarðanavald til yfirþjóðlegra stofnana.

Eiríkur Bergmann bendir hins vegar á mjög athyglisverðan hátt á hvernig andstæðingar jafnt sem aðildarsinnar ESB hér á landi hafa beitt orðræðu sjálfstæðisbaráttunnar til þess að vekja athygli á málstað sínum. Aðildarsinnar hafi beitt sjálfstæðishetjuni Jóni Sigurðssyni fyrir sig til að höfða til landsmanna með því að segja að þjóðin „ætti að bera höfuðið hátt og vera óhrædd að æxla sína ábyrgð og taka fullan og virkan þátt í samstarfi Evrópuþjóða. Jón hefði verið heimsborgari og að hann hefði viljað að Ísland yrði þjóð meðal þjóða sem óhikað tæki fullan þátt í samfélagi grannríkja sinna.“ (Eiríkur Bergmann, 2011). Andstæðingar Evrópusamrunans hafi hins vegar talað gegn Evrópusamrunanum á þeim nótum að Jón Sigurðsson myndi snúa sér í við í gröfinni fengi hann veður af slíku fyrirhuguðu afsali sjálfstæðis þjóðarinnar (Eiríkur Bergmann, 2011).

Vísan í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar virðist höfða sérstaklega mikið til Íslendinga og hafa stjórnámálamenn hér á landi beitt þeirri vitneskju á kerfisbundinn hátt til þess að vekja athygli á málstað sínum, hver svo sem hann kann að vera.

3 Framsóknarstefnan

Í þessum kafla verður fjallað um tilurð Framsóknarflokksins og greint frá upphaflegri stefnuskrá hans. Nauðsynlegt þykir að lýsa þeim hugmyndagrunni er flokkurinn markaði í upphafi og hve sterkan samhljóm með honum má finna í núverandi stefnuskrá flokksins.

3.1 Árdagar

„Á árunum 1908-1916 lýkur því tímabili í sögu íslenzkrar flokkaskipunar, sem mótaðist af hinni pólitísku sjálfstæðisbaráttu við Dani. Fram til 1908 hafði flokkaskipunin nær eingöngu byggzt á viðhorfi manna til hinnar pólitísku baráttu við dönsk stjórnvöld. Afstaða til félagsmála eða annarra innanlandsmála réð litlu eða engu um hvar menn skipuðu sér í flokk.“ (Þórarinn Þórarinsson, 1966).

Líkt og greina má út frá tilvitnuninni hér að ofan var eðli stjórnmalastarfs á Ísland að taka ýmsum breytingum. Eftir mikla samstöðu í baráttunni við Dani var rík þörf fyrir að vinna markvissara að innanlandsmálum. Í aðdraganda kosninga til Alþingis árið 1916 var mikil upplausn hjá ýmsum stjórn málaöflum þess tíma. Um þær mundir hafði hin nýja flokkaskipan ekki náð fótfestu og gætti klofnings í röðum ýmissa fyrri samherja. Heimastjórnarflokkurinn var sá eini sem skilgreina mætti sem landsflokk þar sem hann bauð fram í flestum kjördæmum. Aðrir flokkar buðu fram í einstökum eða fáeinum kjördæmum (Þórarinn Þórarinsson, 1966).

Tilurð Framsóknarflokksins má rekja til fundar fimm þingmanna sem saman voru komnir á Seyðisfirði að bíða eftir skipsferð til Reykjavíkur svo þeir kæmst til þingstarfa. Voru fimmennigarnir fulltrúar þriggja ólíkra framboða er höfðu náð kosningu til Alþingis árið 1916. Þetta voru Sigurður Jónsson á Yztafelli og Sveinn Ólafsson í Firði sem náð höfðu kjöri fyrir hönd Óháðra bænda. Jón Jónsson á Hvanná og Einar Árnason á Eyrarlandi fulltrúar Bændaflokksins og Þorsteinn M. Jónsson sem boðið hafði sig fram á vegum óháðra Sjálfstæðismanna (Þórarinn Þórarinsson, 1966).

Þingmennirnir fimm komu sér saman um grundvallarstefnuskrá hins nýmyndaða flokks áður en haldið var í höfuðstaðinn. Ákveðið var að bíða með að nefna flokkinn þar sem ætlunin var að kynna nýmyndaða stefnu fyrir ákvöðnum þingmönnum í Reykjavík með von um að þeir væru fúsir til samstarfs. Fór svo að þrír þingmenn gengu til liðs við fimmennigana. Þetta voru þeir Ólafur Briem, Guðmundur Ólafsson og Þorleifur Jónsson en allir voru þeir úr Bændaflokki. Jörundur Brynjólfsson fulltrúi verkamanna og þversummanna gekk ekki í flokkinn en starfaði náið með honum allt komandi kjörtímabil (Þórarinn Þórarinsson, 1966).

Meginmarkmið hins nýmyndaða flokks var uppbygging og efling samvinnufélagana enda voru fimmennigarnir „úr þeim kjördæmum, þar sem kaupfélögin höfðu fyrst verið stofnuð, og áttu óvíða eða hvergi á landinu eins sterkar rætur og þar“ (Þórarinn Þórarinsson, 1966).

Nafn hins nýja flokks var ekki sjálfgefið og ýmsar tillögur viðraðar. Áður en hann var nefndur Framsóknarflokkurinn höfðu menn velt upp hugmyndum á borð við Samvinnuflokkur, Vinstri flokkur og Miðflokkur (Þórarinn Þórarinsson, 1966).

Þann 12. janúar 1917 var fyrsta stefnuskrá flokksins samþykkt. Í fyrstu grein kemur fram áhugaverð útskýring á nafngiftinni. „Hann tekur sér nafnið Framsóknarflokkur og vill með því tákna samhygd sína við stefnu yngri kynslóðarinnar og sjálfstæðishugsunina.“ (Þórarinn Þórarinsson, 1966). Önnur grein stefnuskrárinnar og sú síðasta er í 12 liðum. Kemur eftirfarandi þar fram í grófum dráttum:

- Ísland skuli öðlast fullveldi.
- Stofna skuli þjóðbanka til eflingar verslunar og annarra atvinnugreina.
- Efla þurfi samgöngur og víkka út símkerfið.
- Auka skuli áherslu á landbúnað og efla býli.
- Umbætur þurfi í sjávarútvegi.
- Beisla þurfi ótamin náttúruöfl og ekki skuli láta náttúruauðlindir af hendi til útlendinga.
- Auka alþýðumenntun með eflingu kennarastéttar og skólastarfs. Einnig skuli efla raunvísindakennslu á háskólastigi.
- Verslun verði óháð, frjáls og arðvænleg og rekin í samvinnufélagsskap.
- Vátryggingar verði verði eftir fremsta megni á höndum innlendra félaga.
- Spornað verði við illvígum flokksdeilum á vettvangi stjórnmála og unnið af heiðarleika (Þórarinn Þórarinsson, 1966).

Að ofangreindu að dæma var hinn nýji flokkur stórhuga og nútímalegur í markmiðum sínum. Þessi nýja stefnuskrá lagði grunninn að öllu því stjórnmálastarfi sem flokkurinn vann að á næstu árum og áratugum.

Þess ber að geta að Framsóknarflokkurinn er elsti starfandi stjórnmálaflokkur á Íslandi (Halldór Ásgrímsson, 2005). Flokkurinn lýtur nokkurri sérstöðu þar sem hann var fyrst stofnaður sem þingflokkur og varð ekki að eiginlegum stjórnmálaflokki fyrr en árið 1930 (Sagan – Í tímans rás, e.d.). Þó er slíkt ekkert einsdæmi í íslenskri stjórnmálasögu en hefur orðið fátítt með árunum.

Ætlunin hér er að sýna fram á hvernig flokkurinn varð til og á hvaða hugmyndafræðilegum grunni hann var stofnaður. Ekki þykir nauðsynlegt að fara ítarlega yfir þróun stefnumála flokksins í gegnum árin. Í næsta undirkafla verður gerð grein fyrir núverandi stefnuskrá Framsóknarflokksins og hluti hennar borin saman við þá upphaflegu. Markmið þeirrar

umfjöllunar er að sýna hvernig núverandi stefna flokksins á enn sterkar rætur í hinni upphaflegu.

3.2 Núgildandi grundvallarstefnuskrá Framsóknarflokksins

Á vefsíðu Framsóknarflokksins kemur fram að stefnumál flokksins eru sett fram með þrennum hætti. Í fyrsta lagi er áréttað að grundvallarstefnuskrá flokksins er „kjarninn í stefnu flokksins – eða það leiðarljós sem önnur stefnumótun byggist á.“ (Stefna Framsóknarflokksins, 2013). Í annan stað eru sértæk stefnumál flokksins sett fram í formi ályktana flokksþings sem haldið er að jafnaði annað hvert ár. Í þriðja lagi er kosningastefnuskrá flokksins sett fram í aðdraganda alþingiskosninga þar sem megináherslur fyrir næsta kjörtímabil megi finna (Stefna Framsóknarflokksins, 2013).

Í grundvallarstefnuskrá flokksins kemur eftirfarandi fram:

„Framsóknarflokkurinn er frjálsslyndur félagshyggjuflokkur sem vinnur að stöðugum umbótum á samfélaginu og lausn sameiginlegra viðfangsefna þjóðfélagsins á grunni samvinnu og jafnaðar. Hann stendur vörð um stjórnarfarslegt, efnahagslegt og menningarlegt sjálfstæði Íslendinga, byggt á lýðræði, þingræði og réttaröryggi. Framsóknarstefnan setur manninn og velferð hans í öndvegi.“
(Stefna Framsóknarflokksins, 2013).

Í núverandi stefnuskrá flokksins má greina ýmsar áherslur sem eiga rætur sínar í fyrstu stefnuskrá flokksins. Áherslan á frjálsslyndi, samvinnu og sjálfsstæði hefur þannig verið leiðandi stef í stefnuskrá flokksins allt frá upphafi til dagsins í dag. Svo virðist sem umræðan um sjálfstæði í upphafsklausu stefnuskrár flokksins sé skýr skírskotun í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og bendir allt til þess að hér sé um bergmál orðræðu þjóðernisbaráttunnar að ræða.

Tíu megináhersluatriði eru talin upp í stefnuskrá flokksins og afstaðan í þeim útskýrð nánar. Ekki er nauðsynlegt fyrir þá umfjöllun sem hér fylgir að fara náið í hvern einasta málaflokk. Þó er rík ástæða til að gefa eftirfarandi klausu sérstakan gaum:

„VII. Alþjóðasamfélagið

Við höfum ríkum skyldum að gegna varðandi samvinnu við aðrar þjóðir um lausn sameiginlegra verkefna. Við viljum að þátttaka okkar í alþjóðlegum samskiptum eigi að byggjast á viðurkenningu á rétti þjóða til sjálfstæðis og sjálfsákvörðunar.“

(Stefna Framsóknarflokksins, 2013).

Hér kemur þetta einkennisstef pólítískrar orðræðu á Íslandi aftur fram; að ekki skuli halla á rétt þjóðarinnar til sjálfstæðis. Í grundvallarstefnuskrá flokksins er ekki rætt um afstöðu flokksins til hugsanlegrar ESB aðildar en þó er heldur ekkert útilokað í þeim efnun. Því má túlka þessa stefnu flokksins á ýmsan hátt. Eins og getið var í inngangi bendir fræðimaðurinn Baldur Þórhallsson á að hér hafi „bíða og sjá til“ stefna Framsóknarflokksins í Evrópumálum fyrst komið fram.

„X.Stjórnmalin

Við byggjum á frjálsslyndri hugmyndafræði og teljum því farsælast að ná fram niðurstöðu með samvinnu ólíkra afla og hagsmuna sem byggð er á hófsemi og heiðarleika.“

(Stefna Framsóknarflokksins, 2013).

Í þessum lið koma fram ákveðin grunngildi sem eiga að einkenna vinnubrögð Framsóknarflokksins á vettvangi stjórn mála; frjálsslyndi, samvinna, hófsemi og heiðarleiki. Vissulega göfug markmið þar á ferð en velta má fyrir sér hvort þau hafi ávallt verið höfð að leiðarljósi eftir samþykkt stefnuskrárinnar. Hins vegar er fullljóst að þessi stefna Framsóknarflokksins um vinnubrögð á vettvangi stjórn mála eiga sér sterkar rætur í upphaflegu stefnuskrá flokksins eins og sjá má með því að rýna í samantekt síðasta liðs upprunalegu stefnuskrár flokksins í undirkaflanum að ofan.

Athygli vekur að grundvallarstefnuskrá flokksins hefur staðið óbreytt frá árinu 2001. Hafði hún fyrir þann tíma síðast verið endurskoðuð árið 1987 (Stefna Framsóknarflokksins, 2013). Því má velta fyrir sér hvort ekki sé orðin rík þörf á að endurskoða grundvallarstefnuskrá flokksins í ljósi þeirra miklu sviptinga sem orðið hafa í íslensku samfélagi á síðustu árum. Frá síðustu uppfærslu stefnuskrárinnar hafa áherslur Framsóknarflokksins í Evrópumálum til að mynda tekið tölverðum breytingum. Verður sú þróun nánar skýrð í næsta kafla.

4 Evrópustefna Framsóknarflokksins

Í þessum kafla verður Evrópustefna Framsóknarflokksins skoðuð gaumgæfilega. Reynt verður að draga fram í dagsljósið meginstefnu flokksins í málaflokksnum á ólíkum tímum. Markmið ritgerðarinnar er að skýra hvernig Evrópustefna Framsóknarflokksins breyttist eftir hrun. Til þess að setja þá stefnubreytingu í samhengi er nauðsynlegt að skoða vel hvernig afstaða flokksins til Evrópumála þróaðist í gegnum tíðina. Kaflanum er skipt upp í fjóra undirkafla. Í fyrsta hlutanum er rætt um afstöðu flokksins til vestrænnar samvinnu og Evrópusamrunans á lýðveldistímanum fram til ársins 1970. Því næst er fjallað um Evrópuumræðuna á síðari hluta formannstíðar Steingríms Hermannsonar árin 1988-1994. Þá tekur við umfjöllun um breytta nálgun í Evrópumálum í formannstíð Halldórs Ásgrímssonar. Loks verður fjallað um umpólun Evrópustefnu flokksins í formannstíð Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Rétt er að benda á að þrír ólíkir formenn voru í forsvari fyrir Framsóknarflokkinn á milli þess sem Halldór lét af formennsku árið 2006 og Sigmundur Davíð tók við árið 2009. Hins vegar virðist á því tímabili hafa verið að mestu unnið samkvæmt þeirri Evrópustefnu er Halldór Ásgrímsson hafði beitt sér fyrir að koma á innan flokksins.

4.1 Stiklað á stóru frá 1916-1970

Í þessari ritgerð er markmiðið að greina breytingar á Evrópustefnu Framsóknarflokksins. Eins og gefur að skilja voru áherslur flokksins á að Ísland öðlaðist fullveldi höfuðatriðið í utanríkismálum fyrst um sinn. Þegar sjálfstæðisbaráttunni var lokið og Ísland öðlast fullveldi má segja að Framsóknarflokkurinn hafi í grófum dráttum oftast en ekki verið fylgjandi aukinni vestrænni samvinnu. Eiríkur Bergmann bendir á að afstaða sumra flokka til Evrópusamrunans hafi lengi vel litast mikið af því hvort þeir væru í stjórn eða stjórnarandstöðu þegar ákvarðanir voru teknar hverju sinni. Eigi það sérstaklega við Framsóknarflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn (Eiríkur Bergmann, 2011).

Óhætt er að segja að ákveðin togstreita hafi löngum ríkt innan Framsóknarflokksins þegar mikilvæg málefni varðandi samskipti Íslands við erlend ríki báru á góma. Verður sú fullyrðing nánar útskýrð í framhaldinu. Nauðsynlegt þykir því að skýra afstöðu flokksins í helstu álitamálum er varða tengsl Íslands við erlendar þjóðir.

Fyrst ber að nefna stefnu flokksins varðandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu (NATO) en eftir harðar deilur á Alþingi gekk Ísland í NATO árið 1949. Sósíalistar voru fremstir í flokki andstæðinga aðildar Íslands að NATO og beittu orðræðu sjálfstæðisbaráttunnar óspart er þeir sökuðu stjórnvöld um landráðasvik. Framsóknarflokkurinn var á þessum tíma í

ríkisstjórn ásamt Alþýðuflokki og Sjálfstæðisflokki og greiddu flestir þingmenn stjórnarliða atkvæði með tillögunni á Alþingi. Athygli vekur að einn þingmaður Framsóknarflokksins kaus gegn aðildinni og tveir aðrir þingmenn sátu hjá í atkvæðagreiðslunni. Virðist þetta vera skýrt dæmi um áður nefnda togstreitu er löngum hefur einkennt Framsóknarflokkinn í utanríkis- og Evrópumálum. Flokksforystan talaði hins vegar óspart fyrir málinu eins og sjá má í grein sem birtist í dagblaðinu Tímanum, málgagni Framsóknarmanna. Þar skrifar ónafngreindur dálkahöfundur sem flestir töldu vera ritstjóra blaðsins um mikilvægi þess að Ísland tæki þátt í varnarstarfi Vesturlanda. Beitti höfundurinn orðræðu sjálfstæðisbaráttunnar í rökstuðningi sínum og ræddi um Íslendinga sem frjálsa þjóð sem væri umhugað um þjóðerni sitt og menningu. Sú þjóð myndi berjast fyrir varðveislu þeirrar arfleidar því bandamenn okkar myndu ekki sjá um slíkt þrátt fyrir hliðhollustu og vinabönd (Eiríkur Bergmann, 2011).

Samkvæmt greiningu Baldurs Þórhallssonar frá árinu 2004 höfðu sjö umræðulotur farið fram á Íslandi um Evrópusamrunann fram að þeim tíma (Baldur Þórhallson, 2004a). Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeim þremur fyrstu.

Ísland hafði gerst stofnaðili Efnahagssamvinnustofnun Evrópu (OEEC), fyrirennara Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) árið 1948 fyrir tilstuðlan Bandaríkjana. Stofnunin hafði á þeim árum umsjón með efnahagsaðstoð Bandaríkjana til endurbyggingar Evrópu, svokallaðri Marshall-aðstoð. Sú umræðulota sem hér um ræðir tengdist stofnun fríverslunarsamtaka milli OEEC ríkjanna og aðildarríkja EBE. Ekkert varð úr áformunum vegna djúpstæðs ágreinings samningsaðila og fjaraði umræðan út. Hins vegar leiddu þessar þreifingar að mörgu leyti til stofnunar Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) eins og nánar verður tilgreint síðar (Eiríkur Bergmann, 2011) (Baldur Þórhallson, 2004a). Þess ber að geta að Framsóknarmenn höfðu í þessari umræðulotu verið almennt jákvæðir í garð aðildar að fríverslunarsamtökum, sérstaklega ef fengjust undanþágur fyrir landbúnaðarvörur (Eiríkur Bergmann, 2011). Þá ber að hafa í huga að flokkurinn sat í ríkisstjórn á þeim tíma er umræðurnar fóru fram en eins og áður hefur verið nefnt hefur slík staða almennt leitt til jákvæðs viðhorfs flokksforystunnar til frekari samstarfs á alþjóðavettvangi (Eiríkur Bergmann, 2011).

Önnur umræðulota um Evrópusamrunann fór fram á árunum 1961-63 þegar ýmsir stjórnáráðgjafar og framamenn í viðskiptalífi gældu við mögulega aðild Íslands að EBE. Bent er á að flestöll hagsmunasamtök ólíkra atvinnugreina hér á landi hafi þrýst á stjórnvöld um að beita sér fyrir aðildarviðræðum. Viðreisnarstjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokk tók málið til athugunar en að lokum var ákveðið að sækjast ekki eftir aðild (Baldur Þórhallson, 2004a).

Þriðja umræðulotan tengdist aðild Íslands EFTA og fór hún fram á árunum 1968-1969 (Eiríkur Bergmann, 2011). Vegna milliríkjadeilna íslenskra og breskra stjórnvalda um fiskveiðiréttindi var Íslendingum ekki boðið að gerast stofnaðilar EFTA en samtökin voru stofnuð árið 1960 (Baldur Þórhallsson, 2004 kafli 1). Ísland gerðist aðili að EFTA áratug síðar eða árið 1970 að undirlagi Viðreisnarstjórnarinnar. Framsóknarflokkurinn lagðist upphaflega hart gegn aðild Íslands að samtökunum. Beittu þingmenn flokksins efnahagslegum röksemdarfærslum um skaðsemi niðurfellingu tolla fyrir innlent atvinnulíf. Þá var þeim einnig tíðrætt um meinta sérstöðu íslensku þjóðarinnar. Eysteinn Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins varaði þingheim við að bindast efnahagskerfum annarra þjóða nánnum böndum þar sem aðstæður hérlendis væru og myndu ávallt verða gjörólíkar. Ísland væri dvergvaði í samanburði við aðrar þjóðir og vegna sérstöðu Íslands hentaði ekki að fara í slíkt alþjóðasamstarf (Eiríkur Bergmann, 2011). Nokkru síðar fóru Framsóknarmenn að mildast í afstöðu sinni. Hafði stór hluti gagnrýni þeirra byggst á því að ríkisstjórnarflokkarnir hefðu búið illa að framsetningu málsins. Eiríkur Bergmann sýnir fram á hvernig „bíða og sjá til“ stefnan hafi myndast um þetta leyti hjá Framsóknarmönnum. Sögðust þingmenn þeirra óvissir hvort hentaði að sækjast eftir aðild að EFTA á þeim tímapunkti en síðar gæti slíkt vel hugsast ef aðstæður leyfðu. Að lokum fór svo að þingmenn Framsóknarflokksins sátu hjá í atkvæðagreiðslu á Alþingi um aðild Íslands að EFTA (Eiríkur Bergmann, 2011).

4.2 Lokaskeið formannstíðar Steingríms Hermannssonar 1988-1994

Lesendum kann að virðast að skautað hafi verið yfir langt tímabilið eftir lestur síðasta kafla. Skýringin felst í því að fjórða umræðulota um Evrópusamrunann á Íslandi átti sér ekki stað fyrir en á árunum 1989-1993. Snerust þær umræður um mikið hitamál, aðild Íslands að EES. Verður þeirri umræðulotu gerð skil í þessum undirkafla, rætt verður um stefnu Framsóknarflokksins í málinu og hvernig þingflokkur hans klofnaði í afstöðu sinni gagnvart EES.

Steingrímur Hermannsson sat á þingi fyrir Framsóknarflokkinn árin 1971-1994. Var hann einnig formaður flokksins í drjúgan tíma eða á árunum 1979-1994. Reyndar var Steingrímur mikill áhrifavaldur innan flokksins í umtalsverðan tíma þar sem hann sat í miðstjórn flokksins um 30 ára skeið á tímabilinu 1964-1994 (Alþingi – Æviágrip, 2014). Steingrímur er sagður hafa komið með ferskan blæ inn íslensk stjórnsmál á sínum tíma: menntaður erlendis, víðsýnn og nútímalegur í viðhorfum (Ásta R. Jóhannesdóttir, 2012). Steingrímur var afar áhrifamikill í íslenskum stjórnsmálum enda sat flokkur hans nær óslitið í ríkisstjórn í tuttugu ár, frá 1971 til

1991, að undanskildum fáeinum mánuðum í kringum áramótin 1980. Þetta tímabil er gjarnan nefnt Framsóknaráratugirnir (Wikipedia (e.d.) og er talið vera eitthvert farsælasta tímabil í sögu flokksins. Steingrímur gegndi ráðherraembætti í Ríkisstjórn Íslands um 12 ára skeið, þar af sem forsætisráðherra í tvö kjörtímabil, 1983-87 og 1988-91 (Alþingi – Æviágrip, 2014).

Á síðari hluta hins langa stjórn málaferlis Steingríms Hermannssonar var Framsóknarflokkurinn í ríkisstjórn ásamt Alþýðuflokknum og Alþýðubandalaginu. Flokkarnir höfðu samið um ríkisstjórnarsamstarf haustið 1988 eftir að fyrri ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks sprakk. (Vísir, 2009, 24. janúar). Höfðu þessir flokkar í sameiningu farið af stað í samningaviðræður um aðild Íslands að EES undir forystu Alþýðuflokksins. Borgaraflokkurinn gekk síðan í ríkisstjórnarsamstarfið haustið 1988 og var þessi fjögurra flokka samsteypustjórn við völd út kjörtímabilið (Eiríkur Bergmann, 2011).

Í Alþingiskosningum árið 1991 snerust hins vegar bæði Alþýðubandalag og Framsóknarflokkurinn gegn EES samningnum og af þeim sökum er sagt að Jón Baldvin Hannibalsson, formaður Alþýðuflokksins hafi eftir kosningarnar kosið að mynda nýja ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum, jafnvel þótt ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hafði haldið velli (Baldur Þórhallsson og Hjalti Þór Vignisson, 2004).

EES samningurinn var mjög yfirgripsmikill og náði til fjölmargra þátta er snertu íslenskt efnahagslífi. Með samningnum skuldbundu Íslendingar sig við að heiðra fjórfrelsið svokallaða (Baldur Þórhallsson, 2004a) (Eiríkur Bergmann, 2011). „Fjórfrelsið eða hið fjórþætta frelsi (e. the four freedoms) er hugtak sem vísar til frjáls flæðis vöru, fólks, þjónustu og fjármagns og er grundvöllur innri markaðar ESB og Evrópska efnahagssvæðisins (EES).“ (Evrópuvefur, 2012) EES samningurinn fól þannig í sér viðameira fjölþjóðlegt samstarf en áður hafði þekkt hér á landi. Mikilvægur hluti samningsins var sameiginleg ákvarðanatöku aðildarþjóðana á vettvangi stofnana hans í þeim málaflokkum sem hann náði til. Var því um framsal á ákvarðanatöku að ræða (Eiríkur Bergmann, 2011).

Fá mál hafa vakið jafnmiklar deilur í íslensku þjóðfélagi og fyrirhuguð aðild Íslands að EES. Uppi voru ríkar efasemdir um ýmsar hliðar málsins. Þannig óttuðust margir að samningurinn myndi fela í sér afsal á sjálfstæði Íslendinga, stórauðinn aðgang erlendra aðila að íslenskum fiskimiðum og margt fleira. Ollu þessar efasemdir mikilli tortryggni gagnvart EES samningnum. Baldur Þórhallsson og Hjalti Þór Vignisson lýsa umræðunum á Alþingi um EES samninginn sem þeim hörðustu í áráraðir (Baldur Þórhallsson og Hjalti Þór Vignisson, 2004) enda var djúpstæð óánægja með málið í þjóðfélaginu. Safnast höfðu 34 þúsund undirskriftir

gegn samkomulaginu og því höfðu 19% kosningabærra Íslendinga skorað á Alþingi að staðfesta ekki EES samninginn. Að lokum fór svo að EES samningurinn var samþykktur á sem lög frá Alþingi og þrátt fyrir fjölmargar áskoranir kaus Vigdís Finnbogadóttir, þáverandi forseti Íslands að staðfesta löggin (Baldur Þórhallson og Hjalti Þór Vignisson, 2004).

Athyglisvert er hvernig Framsóknarflokkurinn var ósamstíga þegar kosið var um EES samninginn á Alþingi árið 1993 en naumur meirihluti þingmanna flokksins hafnaði samningnum meðan aðrir sátu hjá. Framsóknarflokkurinn klofnaði í tvennt, annars vegar í arm Steingríms Hermannssonar sem var á móti EES samningnum og hins vegar arm Halldórs Ásgrímssonar sem var fylgjandi honum. Munaði aðeins einum þingmanni að Steingrímur lenti í minnihluta innan þingflokksins (Baldur Þórhallson og Hjalti Þór Vignisson, 2004). Þetta virðist hafa veikt stöðu Steingríms í Framsóknarflokknum enda voru mikil átök um málið og þetta annað dæmið um þá togstreitu er löngum hefur einkennt flokkinn. Að lokum fór svo að Steingrímur sagði skilið við íslensk stjórnsmál eftir kjörtímabilið 1991-95 og lét af störfum sem formaður Framsóknarflokksins.

4.3 Formannstíð Halldórs Ásgrímssonar 1994-2006

Segja má að brotthvarf Steingríms Hermannssonar af sviði stjórnsmálanna hafi greitt leið Halldórs Ásgrímssonar til valda innan flokksins. Ákveðið tómarúm skapaðist í framvarðarsveit flokksins sem leiddi loks til þess að Halldór var kjörinn nýr formaður á flokksþingi Framsóknarflokksins árið 1994. Reyndar má leiða líkum að því að Halldór hafi verið augljós arftaki Steingríms þar sem Halldór hafði gegnt varaformennsku í Framsóknarflokknum og einnig ráðherradómi í ríkisstjórn. Halldór var einn í framboði til formanns Framsóknarflokksins og hlaut hann yfirburðakosningu eða 97% atkvæða. Niðurstaðan var besta hlutfallskosning formanns Framsóknarflokksins í marga áratugi (Morgunblaðið, 1994, 29. nóvember).

Halldór var reyndur þingmaður er hann tók við formannsembætti Framsóknarflokksins og hafði nærri tuttugu ára þingreynslu. Þegar þingferli hans lauk og hann sagði skilið við íslensk stjórnsmál, hafði hann setið á Alþingi nánast samfelld í 31 ár eða árin 1974-1978 og loks tímabilið 1979-2006. Áður en Halldór tók við formennsku í Framsóknarflokknum hafði hann gengt ýmsum ráðherraembættum. Var hann sjávarútvegsráðherra árin 1983-91, samstarfsráðherra um norræn málefni 1985-87 auk dóms- og kirkjumálaráðherra 1988-89 (Alþingi – Æviágrip, 2006)

Framsókn var á þessum tíma í sérstakri stöðu þar sem flokkurinn var í stjórnarandstöðu kjörtímabilið 1991-1995, í fyrsta sinn í umtalsverðan tíma. Ekki leið þó á löngu áður en flokkurinn kæmist aftur til valda en eftir alþingiskosningar vorið 1995 hófst langvinnt ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Í hinni nýmynduðu ríkisstjórn tók Halldór við hlutverki utanríkisráðherra og gengdi því embætti árin 1995-2004 er hann tók við forsætisráðherraembættinu sem hann gegndi árin 2004-2006 (Alþingi – Æviágrip, 2006).

Flest bendir til að hinn Evrópusinnaði Framsóknarflokkur hafi orðið til undir forystu Halldórs Ásgrímssonar og samstarfsfólks hans. Líklegt má telja að samhliða langvarandi störfum sínum sem utanríkisráðherra hafi Halldór öðlast dýpri skilning á Evrópusamrunanum og hafi sú vinna að öllum líkindum staðfest sjónarmið hans um mikilvægi EES samningsins fyrir Ísland. Þessar ályktanir má meðal annars draga af opinberum skrifum ráðherra sem fjallað er um hér að neðan.

4.3.1 Skýrsla utanríkisráðherra um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi

Á árunum upp úr aldamótum var Halldór Ásgrímsson um tíma „leiðandi í röksemdarfærslu fyrir Evrópusambandsaðild.“ (Eiríkur Bergmann, 2011, bls. 169) þótt skiptar skoðanir væru á málinu innan Framsóknarflokksins. Umræðan sem Halldór hratt af stað markaðist af útgáfu skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi en hún var lögð fram í apríl árið 2000. Þar lýsti ráðherra á mjög afgerandi hátt sýn sinni á aðild Íslands að ESB án þess þó á nokkurn hátt að leggja það til að Ísland sækti um aðild. Framsóknarmenn gengu aldrei svo langt á þessum árum en hugmyndir um frekari þátttöku Íslands í Evrópusamstarfi héldu áfram að gerjast innan flokksins.

Skýrslan sem hér um ræðir var afar umfangsmikil og ítarleg, taldi hún 331 blaðsíðu (Halldór Ásgrímsson, 2000). Eins og fyrr segir markaði hún greinilega viðhorfsbreytingu á Evrópusýn utanríkisráðherra. Rætt var um farsæla reynslu Íslands af EES-samningnum og ýmsa kosti Evrópusamrunans. Ýjað var að frekari þátttöku í slíku samstarfi án þess þó að beinlínis leggja til að Ísland gerðist aðili að ESB. Utanríkisráðherra velti fyrir sér í skýrslunni hvar Ísland stæði án EES samningsins og hvaða afleiðingar full aðild landsins að ESB hefði í för með sér. Bent var á að pólitískt og efnahagslegt vægi EFTA ríkjanna væri ekki það sama og þegar EES samningurinn tók gildi. Var það sagt vera vegna eðlisbreytinga á ESB í kjölfar Maastricht og Amsterdam sáttmálanna sem víkkuðu út og dýpkuðu samstarf milli aðildarríkja ESB. Þannig hefði orðið umtalsverð þróun í ýmsum málaflokkum sem EES samningurinn næði ekki til. Ráðherra áréttaði hins vegar að slíkt hefði ekki breytt eðli EES samningsins og mikilvægi

hans fyrir Ísland. Var hann þó uggandi yfir framhaldinu vegna minnkandi samræmis á Evrópska efnahagssvæðinu og framtíðargetu EFTA ríkjanna til áhrifa á svæðinu (Halldór Ásgrímsson, 2000).

4.3.2 Fyrri Evrópunefnd Framsóknarflokksins

Halldór Ásgrímsson beitti sér fyrir stofnun Evrópunefndar Framsóknarflokksins en hlutverk hennar var að ræða opinskátt og á málefnalegan hátt um kosti og galla Evrópusambandsins. Fór svo að Landsstjórn Framsóknarflokksins ákvað að stofna þessa umræðunefnd þann 24. ágúst 2000. Í Evrópunefndina voru skipaðir 40 fulltrúar, flestir þeirra flokksbundnir Framsóknarmenn víðs vegar af landinu en einnig nokkrir óflokksbundnir sérfræðingar (Evrópunefndar Framsóknarflokksins, 2001).

Einn nefndarmanna var Ingólfur Sverrisson sem um langt skeið hafði verið virkur í flokksstarfi Framsóknarflokksins. Tók hann meðal annars þátt í störfum ungmennahreyfingar Framsóknar á árunum 1966-1975 og var um tíma formaður Ungra Framsóknarmann í Norðurlandskjördæmi eystra. Síðar á lífsleiðinni er hann starfaði sem deildarstjóri hjá Samtökum iðnaðarins og hættur beinum pólitískum afskiptum hafði Halldór Ásgrímsson samband við Ingólf. Óskaði Halldór eftir þátttöku hans í stefnumótunarvinnu Evrópunefndar Framsóknarflokksins sem Jón Sigurðsson, síðar formaður flokksins, var í forsvari fyrir. Að sögn Ingólfs vann forysta Framsóknarflokksins kerfisbundið að því að laða fram í þessu starfi bæði kosti og galla við hugsanlega aðild að ESB og tryggja að öll sjónarmið kæmu vel fram. Forystan var um þessar mundir jákvæð fyrir því ef þetta starf leiddi til þess að flokkurinn kæmist að þeirri niðurstöðu að sækja ætti um aðild að ESB. Þó var mikil áhersla lögð á að allt þetta ferli færi fram með lýðræðislegum og málefnalegum hætti. Ingólfur lýsti störfum nefndarinnar sem opnum og frjálsum. Formlegir fundir nefndarinnar voru sex talsins á tímabilinu 17. september 2000 til 22. janúar 2001. Var umræðuefni hvers fundar afmarkað við tiltekna málaflokka og gafst nefndarmönnum tækifæri á að mæta vel undirbúnir til skrafs og ráðagerðar. Sátu nefndarmenn í hring í stórum fundarsal þar sem öllum var frjálst að leggja orð í belg. Að sögn Ingólfs varð fljótt ljóst innan hópsins að menn kæmust ekki upp með ómálefnalegan málflutning eða órökstuddar dylgjur þar sem slíku var jafnan mætt af rökfestu. Þannig hafi störf nefndarinnar einkennst af mikilli fagmennsku. (Ingólfur Sverrisson, 2014) (Evrópunefnd Framsóknarmanna, 2001).

Störfum Evrópunefndar Framsóknarflokksins, hinnar fyrri, lauk með ítarlegu nefndaráliti þar sem nefndin setti fram óskir sínar um að vinna hennar yrði lögð til grundvallar málefnalegum

ákvörðunum á vegum Framsóknarflokksins. Setti nefndin fram niðurstöður í átta liðum auk greinargerðar „um skoðanir, hagsmuni, stöðu og horfur í Evrópusamskiptum Íslendinga“ í tuttugu liðum (Evrópunefnd Framsóknarmanna, 2001).

Í nefndarálitinu kom fram að skýrsla utanríkisráðherra um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi, sem rætt var um hér að ofan, hafi verið aðalheimild nefndarinnar. Síðar hafi þó bæst við fjöldinn allur af margs konar upplýsingum sem nefndin hafði til hliðsjónar.

Fór nefndin þannig vítt og breytt yfir öll þau mál sem hún taldi tengjast sambandi Íslands við ESB. Nefndarmenn veltu fyrir sér mismunandi nálgun á Evrópusamrunann og hvernig farsælast væri að halda þeirri vinnu áfram. Fjölmarga áhugaverða punkta má finna í nefndarálitinu en segja má að meginniðurstaða nefndarinnar hafi verið skýr áskorun til stjórnvalda um að setja Evrópuumræðuna á oddinn.

„Evrópumálin eigi að vera efst eða ofarlega á verkefnalista stjórnvalda og þjóðarinnar. Ljóst þykir að aðstæður geti breytst mjög hratt og ófyrirsjáanlega í þessum efnunum. Meginatriði nú er að Íslendingar skilgreini eigin framtíðarstefnu, hugsanlega skilmála og samningsmarkmið sín, reyndar bæði í Evrópusamskiptum og í öðrum fjölþjóðasamskiptum yfirleitt. Telja má að undirbúningi Íslendinga sé ekki nærri lokið nú og vinna beri af alefli á næstunni að þessum viðfangsefnum.“ (Evrópunefnd Framsóknarmanna, 2001).

4.3.3 Aðildarsinnuð ESB umræða fjarar út

Sú aðildarsinnaða ESB stefna sem Halldór Ásgrímsson hafði ýjað að í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis setti hann aldrei fram með afgerandi hætti. Í formannstíð hans í Framsóknarflokki upplýsti Halldór aldrei fullum fetum hver raunveruleg afstaða hans væri til hugsanlegrar ESB aðildar (Eiríkur Bergmann, 2011, bls 175). Vangaveltur um mögulega ESB aðild Íslands báru reglulega á gómu um þessar mundir og lét Halldór hafa eftir sér á ráðstefnu Alþýðusambands Íslands um Evrópumál sem fram fór í september 2002 að „Þetta er ein stærsta spurning sem íslenska þjóðin mun standa frammi fyrir á næstunni, umræða um hana verður ekki umflúin og henni verður að svara að lokum,“ (Umræða um aðild, 2002). Á sama fundi ræddi Halldór um mikilvægi opinnar og málefnalegrar Evrópuumræðu í samfélaginu og sagði það fagnaðarefni að ASÍ beitti sér fyrir slíku. Endurspegluðu orð Halldórs óskir Evrópunefndar Framsóknarflokksins sem kristölluðust í eftirfarandi ummælum: "Spurningin um Evrópuaðild okkar er því ekki aðeins á dagskrá - hún hlýtur að verða kosningamál eins og allar aðrar spurningar sem snerta lífskjör og aðstöðu okkar til lengri tíma litið." (Morgunblaðið, 2002, 27. september).

Í aðdraganda alþingiskosninga vorið 2003 bar Evrópumál hins vegar ekki mikið á góma eins og ætla mætti af ofangreindri umfjöllun. ESB aðild varð hreint ekki að mikilvægu kosningamáli árið 2003 (Baldur Þórhallsson 2004b). Mikið bakslag varð í Evrópuumræðunni á Íslandi haustið 2002 þegar ljóst varð að vegna austurstækkunar ESB hafði sambandið sett fram þungar kröfur á hendur Íslendinga og Norðmanna um að „stórauka framlög sín í þróunarstjóð EFTA, eða um 27 falt frá því sem áður var.“ (Eiríkur Bergmann, 2006). Íslensk stjórnvöld reyndust treg í taumi að samþykkja slíkar kröfur og „Eftir langt og strangt samningaþóf samþykktu Norðmenn að tífalda framlag sitt í sjóðinn en framlag okkar Íslendinga var fimmfaldað og er nú 500 milljónir króna á ári.“ (Eiríkur Bergmann, 2006). Voru samningar um samhliða stækkun EES og ESB því ekki undirritaðari fyrr en 1. apríl 2004 (Eiríkur Bergmann, 2006). Eiríkur Bergmann dregur þær ályktanir að hefðu samningar ekki náðst í þessu máli hefði það sett EES samninginn í uppnám og mögulega felld hann úr gildi með skelfilegum afleiðingum fyrir íslenskan efnahag (Eiríkur Bergmann, 2006). Mikilvægi EES samningsins fyrir Ísland hafði margsinnis verið tíunduð en menn virtust ekki gera sér grein fyrir viðhorfum ESB þess efnis að EES ríkin nytu ávinnings erfiðisvinnu ESB við að koma á sameiginlegum markaði án þess að þau leggðu nægilega mikið í starfið (Eiríkur Bergmann, 2006). Þannig ritaði Eiríkur Bergmann í bók sinni Evrópusamruninn og Ísland:

„Sumir embættismenn Framkvæmdarstjórnar ESB hafa látið þau ummæli falla í viðtali við bókarhöfund að krafan um stóraukin framlög í þróunarsjóð ESB hafi í raun verið atlega að sjálfum EES-samningnum sem þeir vilji gjarnan losna við.“ (Eiríkur Bergmann, 2004, bls 112).

Þessar erfiðu samningaviðræður við ESB virðast hafa stuðlað að því að Framsóknarflokkurinn beitti svonefndri „að bíða og sjá til“ (Baldur Þórhallsson 2004b) stefnu í ESB aðildarmálinu í kosningabaráttunni til Alþingsi 2003. „Stefnan var svo kölluð í stjórnmálafræði þar sem flokkarnir tóku ekki afstöðu til þess hvort sækja ætti um aðild að Evrópusambandinu eða ekki.“ (Baldur Þórhallsson, 2014).

4.3.4 Síðari Evrópunefnd Framsóknarflokksins

Evrópuumræðan koðnaði niður um tíma en komst aftur á dagskrá innan Framsóknarflokksins fáeinum árum síðar. Í samræmi við ályktanir 28. flokksþings Framsóknarflokksins sem fram fór snemma árs 2005 ákvað framkvæmdastjórn flokksins að skipa Evrópunefnd til starfa á ný. Hlutverk hennar var sem fyrr að afla upplýsinga um Evrópusamrunann en nú skyldi hún

einnig móta samningsmarkmið Íslands og hyggja að hugsanlegum undirbúningi aðildarviðræðna Íslands við ESB. (Evrópunefnd Framsóknarflokksins, 2007).

Í nefndinni sátu tæplega tuttugu manns, þar voru tveir flokksfulltrúar úr hverju kjördæmi, þingmenn flokksins í utanríkismálanefnd Alþingis auk fulltrúa Framsóknarflokks sem sátu í Evrópunefnd er þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddson hafði skipaði árið 2004. Fundir síðari Evrópunefndar Framsóknarflokksins urðu alls fjórtán talsins og voru þeir haldnir með reglulegu millibili á árunum 2005-2007. Á þessum fundum var rætt á skipulagðan hátt um afmarkaða málaflokka og viðeigandi sérfræðingar kallaðir til svo nefndarmenn gætu öðlast betri skilning á tilteknum málefnum (Evrópunefnd Framsóknarflokksins, 2007). Orri Hlöðversson var skipaður formaður nefndarinnar en hann var þá bæjarstjóri í Hveragerði. Áður hafði hann starfað í Brussel á árunum 1996-1999, meðal annars við upplýsingatækniáætlun ESB (Morgunblaðið, 2002, 6. júní).

Orri skrifar undir nefndarálit síðari Evrópunefndar Framsóknarflokksins. Þar kemur fram að: „Lykilheimild og grunntexti í vinnu nefndarinnar var nefndarálit fyrri Evrópunefndar Framsóknarmanna sem skilað var í upphafi ársins 2001.“ (Evrópunefnd Framsóknarflokksins, 2007). Á fundum nefndarinnar var einnig farið í gegnum skýrslu utanríkisráðherra um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi frá árinu 2000. Þá tók nefndin einnig ýmislegt annað efni til skoðunar líkt og skrif fræðimanna, stofnana og fjölmiðla er tengdust viðfangsefninu.

Í samantekt nefndarálitsins kom eftirfarandi fram:

„Eitt af mikilvægustu viðfangsefnum stjórnmalanna á hverjum tíma er að leita þjóðarsáttar um grundvallarutanríkismál og samskipti við erlendar þjóðir. Málefnið tekur til fullveldis þjóðarinnar og afstaða Íslendinga á að mótast af sjálfstæðum vilja og metnaði okkar sem frjálsrar þjóðar.“ (Evrópunefnd Framsóknarflokksins, 2007).

Hér undirstrikuðu nefndarmenn mikilvægi stefnumótunar stjórnmalanna í samræmi við almannavilja. Niðurstaða síðari Evrópunefndar Framsóknarflokksins virðist því vera rökrétt framhald af því brautryðjendastarfi sem fyrri Evrópunefnd flokksins vann í málaflokknum. Nefndarálit síðari Evrópunefndar Framsóknarflokksins endurspeglar vilja flokksins í því að verða „leiðandi afl í Evrópuumræðunni á Íslandi.“ (Evrópunefnd Framsóknarflokksins, 2007) Mikilvægi EES samningsins var enn og aftur áréttað en jafnframt tekið fram að vegna örra breytinga á eðli og umfangi ESB hefði dregið úr gildi samningsins. Taldi nefndin því nauðsynlegt að huga að undirbúningi aðildarumsóknar Íslands að sambandinu skyldu aðstæður breytast (Evrópunefnd Framsóknarflokksins, 2007).

Í nefndarálitnu var einnig að finna samantekt um mikilvæga málaflokka sem tengdust Evrópusamrunanum og Íslandi. Kaus nefndin að fjalla sérstaklega um sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál, gjaldeyrismál auk öryggis- og varnarmála. Setti nefndin fram í skýrslunni ákveðin samningsmarkmið í þessum málaflokkum, kæmi til aðildarviðræðna við ESB (Evrópunefnd Framsóknarflokksins, 2007).

Nefndin setti ákveðna fyrirvara á mögulegar aðildarviðræður Íslands við ESB og undirstrikaði nauðsyn þess að tillit væri tekið til sérstöðu landsins og Íslandi veitt ákveðin sérréttindi varðandi sjávarútveg, landbúnað og eignarhald á fasteignum. Þá áréttaði nefndin mikilvægi þess að þjóðaratkvæðargreiðsla færi fram hér á landi um hugsanlegan aðildarsamning við ESB (Evrópunefnd Framsóknarflokksins, 2007).

Þótt aldrei hafi orðið einhugur innan flokksins um hugsanlega ESB aðild á þessum tíma virðist sem fylgismenn aðildar innan flokksins hafi að mestu byggt röksemdarfærslur sínar á efnahagslegum forsendum.

4.4 Þrír formenn á þremur árum 2006-2009

Í júní 2006 tilkynnti Halldór Ásgrímsson að hann hygðist hætta sem formaður Framsóknarflokksins og láta einnig af embætti forsætisráðherra. Sagði Halldór ákvörðunina tengjast slæmri útreið flokksins í nýafstöðnum sveitstjórnarkosningum sem hann vildi axla ábyrgð á. Með því að stíga til hliðar vildi hann skapa tækifæri innan flokksins fyrir aðra að taka við forustunni (Morgunblaðið, 2006, 6. júní).

Á 28. flokksþingi Framsóknarflokksins sem fram fór í ágúst 2006 var Jón Sigurðsson kjörinn nýr formaður flokksins. Snörp barátta var um formannsstólinn milli Jóns og Sivjar Friðleifsdóttur. Hlaut Jón 54,8% atkvæða en Siv 44,15%. Að sögn Jóns var þarna í fyrsta sinn í meira en hálfa öld raunveruleg barátta um formannsstólinn en slíkt taldi hann styrkja flokkinn (MBL, 2006, 19. ágúst).

Jón hafði, eins og áður kom fram, verið í forsvari fyrir störf fyrri Evrópunefndar Framsóknarflokksins og virðist flest benda til þess að hann hafi um þessar mundir verið einarður Evrópusinni. Hafði Jón talað opinskátt fyrir því að Framsóknarflokkurinn ætti að beita sér fyrir aðildarviðræðum Íslands við ESB. Siv virtist hins vegar hafa meiri fyrirvara á slíku og lét hafa eftir sér í aðdraganda formannskjörsins að ekkert lægi á því að ræða aðild Íslands að ESB (MBL, 2006, 18. ágúst).

Vorið 2007 fóru fram alþingiskosningar á Íslandi og hélt Framsóknarflokkurinn sitt 29. flokksþing í aðdraganda þeirra. Eftirfarandi málsgrein er úr drögum að ályktunum flokksþingsins en reynst hefur erfitt að hafa upp á endanlegum samþykktum flokksþingsins þar sem búið er að fjarlægja þær af vefsíðu flokksins.

„Framsóknarflokkurinn lýsir sérstakri ánægju með störf Evrópunefndar flokksins. Framsóknarflokkurinn er eini stjórn mála flokksins á Íslandi sem unnið hefur að skilgreiningu samningsmarkmiða fyrir Íslands hönd, ef til aðildarviðræðna við Evrópusambandið kæmi.“

Í aðdraganda alþingiskosninganna var Samfylkingin eini stjórn mála flokksins landsins með yfirlýsta stefnu um að hefja ætti aðildarviðræður við ESB. Þrátt fyrir mikið grasrótastarf innan Framsóknarflokksins í Evrópumálum og almennt jákvæða afstöðu til hugsanlegra aðildarviðræðna, setti flokkurinn málið ekki í forgrunninn í aðdraganda kosninganna. Vildi Framsóknarflokkurinn „bíða og sjá“ í þessum efnum og urðu Evrópumál ekki mikilvægt kosningamál í alþingiskosningum 2007.

Niðurstöður kosninganna urðu Framsóknarflokknnum mikið áfall enda hlaut flokkurinn þá sína verstu útreið í alþingiskosningum frá upphafi. Flokksforystan gaf í kjölfarið út yfirlýsingar þess efnis að flokkurinn sæktist ekki eftir því að taka þátt í ríkisstjórnarmyndun (MBL, 2007, 15. Maí). Hafði flokkurinn aðeins náð sjö mönnum inn á þing og hlaut formaður flokksins, Jón Sigurðsson, ekki náð fyrir augum kjósenda (Auglýsing frá landskjörstjórn, 2007). Flokkurinn fékk reyndar ekki nægilegt fylgi í hvorugu Reykjavíkurborgarmanna til þess að ná manni inn á þing fyrir hönd höfuðborgarbúa.

Tæpum tveimur vikum eftir kosningar tilkynnti Jón Sigurðsson um afsögn sína sem formaður Framsóknarflokksins. Taldi hann óráðlegt að leiðtogi flokksins og aðaltalsmaður hans hefði ekki rödd á Alþingi. Í framhaldinu tók varaformaður flokksins, Guðni Ágústsson, við formannshlutverkinu (MBL, 2007, 23. Maí).

Líkt og forveri hans var Guðni formaður flokksins í tiltölulega skamman tíma. Jón sat á formannsstóli í um níu mánuði en Guðni þó í tæpa átján. Guðni ákvað að segja af sér þingmennsku í nóvember 2008 og í framhaldinu tilkynnti hann um afsögn sína sem formaður flokksins. Í bréfi sem hann á að hafa sent til flokksfélaga sinna segir:

„Því miður hefur vonin um nauðsynlegan starfsfrið og einingu breyst í andhverfu sína. Mér er það ljóst að sú sátt innan Framsóknarflokksins sem nauðsynleg er fyrir endurreisn hans mun ekki skapast án breytinga í forystu flokksins. Sú sátt þolir enga bið,“ (Skessuhorn, 2008, 17. nóvember)

Vert er að hafa í huga að um þessar mundir hafði íslenska bankahrunið nýverið dunið yfir og mikil ólga ríkti í íslensku samfélagi. Valgerður Sverrisdóttir sem gengt hafði hlutverki varaformanns Framsóknarflokksins tók við formannshlutverkinu og gengdi því tímabundið fram að næsta flokksþingi. Haft var eftir Valgerði að vegna mikilla umbreytinga í íslensku þjóðlífi væri þörf á uppbyggingu í samfélaginu, samhliða endurnýjun í íslenskum stjórnmálum. Hugðist hún því stíga til hliðar að loknu flokksþingi og gefa ungu fólki innan flokksins tækifæri á að taka við (MBL, 2008, 12. apríl).

4.5 Formannstíð Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar 2009-

Hér má nánast segja að nýr Framsóknarflokkur hafi tekið við en ætlunin er að sýna fram á að Evrópusýn Framsóknarflokksins undir forystu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hafi átt sáralítið sameiginlegt með þeirri Evrópustefnu er mótaðist í flokknum í stjórnartíð Halldórs Ásgrímssonar. Í raun hjálpar lítið að tala um þetta sem sama flokkinn vegna þeirra afgerandi skila sem urðu þarna á milli í ýmsum málaflokkum, þar á meðal Evrópumálum. Síðar í kaflanum verður bent á hvernig Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og hans samverkamenn fóru að vísa til arfleiddar flokksins fyrir formannstíð Halldórs Ásgrímssonar til þess að útskýra stefnumál sín. Er sú aðferðafræði athyglisverð af ýmsum ástæðum sem verða nefndar í þessum kafla.

4.5.1 Flokksþing Framsóknarflokksins 2009

Metþátttaka var á flokksþingi Framsóknarflokksins sem fór fram í janúar 2009. Var þetta fjölmennasta flokksþing í sögu flokksins en um 1000 flokksþingsfulltrúar mættu til skrafs og ráðagerðar. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var kjörinn nýr formaður flokksins en þó með afar knöppum meirihluta. Hafði Sigmundur Davíð nýverið skráð sig í Framsóknarflokkinn og hafði enga fyrri reynslu af stjórnmálum. Vegna nýsamþykkrta lagabreytinga um forystukjör flokksins þurftu réttskipaður formaður, varaformaður og ritari að hljóta yfir helming atkvæða. Þrír frambjóðendur sóttust eftir formannshlutverkinu en að lokinni atkvæðagreiðslu var ljóst að enginn þeirra hafði hlotið hreinan meirihluta. Páll Magnússon helltist úr lestinni eftir fyrri umferð og var kosið aftur um frambjóðendurna tvo sem eftir voru. Á undarlegan hátt var mótframbjóðandi Sigmundar til formanns, Höskuldur Þórhallsson, í fyrstu lýstur sigurvegari formannskjörsins. Var Höskuldur þannig formaður Framsóknarflokksins í um fimm mínútur vegna mistaka kjörstjórnar. Þegar upp komst um mistökin var Sigmundur Davíð hins vegar útnefndur réttkjörinn formaður flokksins (Morgunblaðið, 2008, 19. janúar) (Viðskiptablaðið, 2012, 24. september).

Í viðtali við Stöð 2 sagði Einar Már Þórðarson, stjórn málafræðingur, fullljóst að nýafstaðið flokksþing Framsóknarflokksins hefði verið ákveðið uppgjör við fortíðina. Rík krafa hefði verið innan flokksins um að segja alveg skilið við fortíðina og endurspeglaði alger endurnýjun flokksforystunnar vilja flokksins til breytinga (Ísland í dag, 2009, 19. Janúar).

Ályktanir 30. flokksþings Framsóknarflokksins er ekki lengur að finna á vefsíðu flokksins. Er í þessari umfjöllun því stuðst við drög að ályktunum flokksþingsins. Við vinnslu þessarar ritgerðar hefur verið stuðst við ýmsar ályktanir fyrri flokksþinga Framsóknarflokksins en umfangsmikið safn ályktana var lagt fyrir þetta fjölmennasta flokksþing í sögu flokksins. Í drögunum er að finna tillögur að 65 ályktunum í fjölmörgum málaflokkum. Flokksþingið hefur því meðal annars fjallað um stjórnlagabætur, trúmál, lögreglumál, menntamál, náttúruauðlindir, fjölmiðla, efnahagsmál, landbúnaðarmál, jafnréttismál og öldrunarmál svo fátt eitt sé nefnt. Athygli vekur að ályktun um aðildarviðræður við ESB er efst á lista allra ályktana flokksþingsins. Gefur það sterklega til kynna mikilvægi málefnisins í augum flokksþingsmanna.

Mikið var rætt um mögulega ESB aðild á flokksþinginu og mismunandi afstaða til málsins viðráðar. Hafnaði flokksþingið tillögu um að Framsóknarflokkurinn legðist „eindregið gegn öllum hugmyndum um að Ísland gangi í Evrópusambandið.“ (MBL, 2009, 16. janúar).

Með miklum meirihluta atkvæða var að lokum samþykkt ályktun þess efnis að Ísland skyldi með samningsumboði frá Alþingi sækjast eftir aðildarviðræðum við ESB. Í ályktun flokksþingsins voru þó sett fram fjölmörg skilyrði sem forsendur aðildarviðræðna (MBL, 2009, 16. janúar). Guðni Ágústson, fyrrverandi formaður flokksins, hafði um langa hríð viðráð efasemdir sínar um aðild Íslands að ESB og þótt hafa neikvæða afstöðu gagnvart aðildarviðræðum. Að flokksþingi loknu lét hann hafa eftir sér að fylgjendur jafnt sem andstæðingar ESB innan Framsóknarflokksins gætu vel sæst á þessa ályktun. Hélt Guðni því fram að nauðsynlegt væri að skoða hvað aðildarviðræður fælu í sér til þess að tryggja frið í samfélaginu (Viðskiptablaðið, 2009, 18. janúar). Sagði hann að lokum:

„Stærsta málið er hins vegar að settir voru mjög sterkir fyrirvarar [við aðild að ESB]. Framsóknarmenn vilja verja auðlindir sínar, fullveldi sitt, sjávarútveg og landbúnað – þannig ég sætti mig alveg við þessa niðurstöðu og bjóst reyndar við henni,“ (Viðskiptablaðið, 2009, 18. janúar).

Skömmu eftir flokksþingið tók Stöð 2 áhugavert viðtal við hinn nýkjörna formann Framsóknarflokksins. Þar kom Sigmundur Davíð inn á ýmsa áhugaverða punkta og sagði meðal annars marga flokksmenn telja flokkinn hafa farið of langt til í hægri á síðustu árum og ríkisstjórnarsamstarfið við Sjálfstæðisflokkinn hefði skaðað Framsóknarflokkinn. Áhugi væri

á því innan flokksins að líta meira til vinstri á nýjan leik þó engin ákvörðun hefði verið tekin um framhaldið. Þá sagði Sigmundur Davíð ESB aðild enga töfralausn þar sem þjóðin stæði frammi fyrir bráðavanda og aðildarferli tæki langan tíma (Ísland í dag, 2009, 19. Janúar). Virðast þessi ummæli nýkjörins formanns Framsóknarflokksins bera nokkurn vott af ESB efahyggju en afar athyglisvert er hvernig reynslulaus stjórnámalaður gat náð kjöri sem formaður elsta stjórnámalflokks landsins eftir að hafa skráð sig í hann skömmu áður.

4.5.2 Alþingiskosningar 2009

Fáeinum mánuðum eftir flokksþing Framsóknarflokksins, í miðri efnahagskreppu og vegna umfangsmiklla fjöldamótmæla, var efnt til alþingiskosninga vorið 2009. ESB aðild varð eitt aðalkosningamálið í þessum kosningum. Í aðdraganda kosninganna undirritaði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson kosningastefnu flokksins í formi bréfs sem var sent til kjósenda. Stefnan byggði á samþykktum flokksþings Framsóknarflokksins og í bréfinu „kom fram að Framsóknarflokkurinn væri eini flokkurinn sem hefði markað sér skýra stefnu fyrir aðildarviðræður við Evrópusambandið“ (DV, 2014, 10. mars).

Útslit alþingiskosninga 2009 voru um margt söguleg. Sjálfstæðisflokkurinn fékk lægsta kjörfylgi í sögu flokksins eða 23,7% og tapaði 9 þingsætum (Næst versta útkoma, 2013). Samfylkingin varð í fyrsta sinn stærsta stjórnámalafl landsins með 28.8% heildaratkvæða og bætti flokkurinn við sig tveimur þingsætum. Framsóknarflokkurinn rétti aðeins úr kútnum, bætti við sig tveimur þingsætum og var með 14,7% kjörfylgi. Önnur stórtíðindi voru þau að Vinstrihreyfingin-grænt framboð bætti við sig flestum þingsætum, 5 talsins, og hlaut 20,7% heildaratkvæða (Talningu lokið, 2009).

Fyrir tilstuðlan háværra krafna almennings um endurnýjun í stjórnmalastétt landsins settust 27 nýjir þingmenn á Alþingi eftir kosningar. Höfðu skoðanakannanir leitt í ljós skömmu fyrir kosningar að traust almennings til Alþingis var í sögulegu lágmarki . (Jónas Haraldsson, 2012). Vegna þessara miklu mannbreytinga sem áttu sér stað var um að ræða endurnýjun á hátt í helmingi allra 63 alþingismanna Íslendinga. Prófkjör og vinnubrögð uppstillinganefnda flokkanna höfðu stuðlað að því að margt nýtt fólk fékk tækifæri til þess að komast í áhrifastöðu á löggjafasamkundu Íslendinga.

Í ljósi kosningasigurs Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs var að sögn Guðna Th. Jóhannessonar, sagnfræðings, í fyrsta sinn á lýðveldistímanum mynduð vinstristjórn með þingmeirihluta hér á landi (Sögulegt: Fyrsta vinstristjórnin, 2009). Deila má hins vegar um þær yfirlýsingar þar sem margir telja vinstristjórn hafi verið völd á Íslandi árin

1988-1991 en það er aukaatriði. Hin nýja ríkisstjórn átti eftir að lenda í miklum hremmingum á kjörtímabilinu og reyndist uppgjör hennar við afleiðingar hrunsins auk aðildarviðræðna Íslands við ESB vandameiri en margan hefði grunað. Við upphaf ríkisstjórnarsamstarfs flokkanna höfðu þeir fimm þingmannameirihluta á Alþingi en á fordæmalausán hátt sögðu fjórir af 14 þingmönnum Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs sig úr þingflokki þeirra á kjörtímabilinu. Á vormánuðum 2011 sögðu Atli Gíslason, Lilja Mósésdóttir og Ásmundur Einar Daðason sig úr þingflokki og í janúar 2013 sagði Jón Bjarnason, fyrrverandi sjávarútvegis- og landbúnaðarráðherra sitjandi ríkisstjórnar, sig einnig úr þingflokki vinstrihreyfingarinnar-grænsframboðs (RÚV, 2011, 21. mars) (Vísir, 2011, 13. Apríl) (DV, 2013, 23. Janúar).

4.5.3 Icesave deilan og breyttar áherslur í Evrópumálum

Icesave deilan setti sterkan svip á kjörtímabilið 2009-2013. Í stuttu máli var Icesave deilan milliríkjadeila milli Íslands annars vegar og Bretá og Hollendinga hins vegar. Ástæðu Icesave deilunnar má rekja til innlánsreikninga á netinu sem Landsbankinn hafði boðið upp á í þessum löndum. (Eiríkur Bergmann, 2011) Í kjölfar bankahrunsins á Íslandi snemma í október 2008 var Landsbanki Íslands hf. ófær um að greiða eigendum Icesave reikninga út sparifé sitt. Bresk og hollensk stjórnvöld ákváðu því að bæta Icesave reikningseigendum tap þeirra. Í Bretlandi var tapið bætt að fullu en í Hollandi var tapið gert upp að vissu marki. Í kjölfarið kröfðust þarlend stjórnvöld endurgreiðslu af hálfu íslenska ríkisins. Icesave deilan snerist því í upphafi um hvernig endurgreiðslum til Bretá og Hollendinga yrði háttáð og hverjir bæru ábyrgð á þeim (Þjóðaratkvæði, e.d.).

Íslenska ríkið taldi sig ekki bera ábyrgð á skuldum einkabanka og því væri ekki um neina greiðsluskyldu að ræða af hálfu þess. Þetta viðhorf fékk ekki undirtektir hjá öðrum ríkisstjórnnum innan og utan ESB né alþjóðastofnunum sem létu sig málið varða. Jafnvel hin Norðurlöndin voru ekki undanskilin. Þetta var staðan þegar Ísland sá engan annan kost en að ganga til samninga um þessa skuld enda var talið aðeins dagaspursmál að landið einangraðist algjörlega með mjög alvarlegum afleiðingum sem enginn vildi bera ábyrgð á. Sem dæmi um þetta má nefna frásögn þáverandi fjármálaráðherra, Árna M. Matthíesen þegar hann sama dag og Kaupþing féll flaug til Washington til fundar hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS):

„Óvissan var slík að maður vissi ekki hvað mundi gerast hérna heima. Hvort konan og börnin gætu farið út í búð að kaupa í matinn, bjargað sér á meðan maður væri í burtu. Eða hvort ég gæti notað kreditkortið þegar ég færi út af hótelinu og þyrfti að borga reikninginn. Til öryggis varð ég þess vegna að hafa með mér reiðufé, því það hefði orðið óbærilegur álitshnekkir fyrir Ísland ef fjármálaráðherra landsins gæti ekki borgað

reikninginn sinn af því kortið hans virkaði ekki! Ég hef aldrei verið með annað eins af peningum á mér á ferðalagi. Ég held ég hafi nánast verið með síðasta gjaldeyrinn úr Seðlabankanum, því að þeir höfðu látið Kaupþing hafa allan gjaldeyrisforðann sem þeir voru með hérna heima þannig að það voru engir peningar eftir í Seðlabankanum.“
(Árni M. Matthíesen og Þórhallur Jósepson 2010, bls. 66)

Eins og þessi frásögn ber með sér óttuðust stjórnvöld raunverulega einangrun landsins í fjármálum, samgöngum og viðskiptum. Allt þetta gæti stöðvast snögglega. Hið sama átti við um allt atvinnulífið.

Með því að fara samningaleiðina um Icesave skuldina og gera samning við AGS um endurreisn efnahagslífsins tókst að koma í veg fyrir þetta yfirvofandi efnahagslega stórslys og hefja uppbyggingu. Hófst nú samstarf við AGS sem bar árangur og efnahagslífið tók að rétta úr kútnum. Við það jókst mörgum bjartsýni sem snérist upp í það hvort íslenska ríkið væri raunverulega tilneytt til að semja um Icesave skuldina. Gleymdist þá fljótt sú nauð er rekið hafði stjórnvöld til að ganga til samninga um þessa skuld Landsbankans.

Hér verður ekki rakinn samningaferillinn um Icesave skuldirnar, en eins og kunnugt er voru gerðir nokkrir samningar og tveir þeirra felldir í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þar með var málinu vísað til EFTA dómstólsins þar sem látið var reyna á þá grundvallarskoðun Íslands að ríkið bæri ekki þessa ábyrgð. Í málflutningi Íslands voru þessi rök kyrfilega tíunduð og féllst dómurinn á þau. EFTA dómstóllinn hafnaði öllum kröfum á hendur íslenska ríkinu og var ESB sem meðákæranda gert að greiða allan málskostnað (Hjalti Ómar Ágústsson, 2014).

Allir landsmenn fögnuðu sætum sigri og ekki síst Framsóknarmenn að sögn Frosta Sigurjónssonar núverandi þingmanns flokksins. Í færslu á vefsvæði sínu þakkaði Frosti þeim sem gerðu sigurinn mögulegan að hans sögn og nefndi hann þingmenn sem höfðu barist gegn samningaleiðinni, forsetann, InDefence-hópin og ADVICE-hópin (Frosti Sigurjónsson, 2013).

Athyglisverð þróun átti sér stað þegar andstæðingar ESB aðildar fóru að tengja Icesave málið ESB efahyggju. Þeir héldu því fram að aðkoma ESB að Icesave málinu væri skýrt dæmi um hvernig sambandið væri að reyna kúga Íslendinga til þess að ganga að vilja sínum þvert á okkar eigin hagsmuni og þjóðarrétt. Ýmsir þingmenn Framsóknarflokksins lýstu því yfir að aðildarumsókn Íslands að ESB misbyði þeim hreinlega í ljósi aðkomu sambandsins að Icesave málinu (Eiríkur Bergmann, 2011).

Í umræðum á Alþingi sakaði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson Jóhönnu Sigurðardóttur, forsætisráðherra um að reyna að neyða íslensku þjóðina til þess að borga Icesave skuldirnar.

Hann sagði slíkt afar ósannjarnt og talaði um að Jóhanna væri að með því að reyna að afla sér vinsælda á alþjóðavettvangi. Íslendingar ættu ekki að leyfa erlendum öflum að valta yfir sig með slíkum hætti, sú undirgefni sem ríkisstjórnin hefði sýnt í þessu máli væri ólíðanleg. Sigmundur sagði ríkisstjórnina hafa kastað hagsmunum þjóðarinnar fyrir róða og beitt sér í staðinn kröftuglega í þágu þeirra sem réðust á okkur. Íslensk stjórnvöld hefðu því brugðist mikilvægri skyldu sinni um að verja þjóð sína. Sigmundur nefnir einnig efasemdir sínar um frekari samvinnu við alþjóðastofnanir líkt og AGS þar sem þær hafi tekið þátt í óbilgirninni gegn Íslendingum (Eiríkur Bergmann, 2011).

Framganga Sigmundar Davíðs gaf tóninn fyrir áframhaldandi málflutning Framsóknarþingmanna um Icesave-málið. Eygló Harðardóttir gekk svo langt að segja stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi Icesave-samkomulagið „jaðra við landráð“ (Eiríkur Bergmann, 2011). Eiríkur Bergmann undirstrikar hvernig orðræðan um aðild Íslands að ESB „fléttaðist óhjákvæmilega saman við Icesave-deiluna sem hafði hleypt illu blóði í marga.“ (Eiríkur Bergmann, 2011).

Vigdís Hauksdóttir viðraði áhyggjur sínar um getu þjóðarinnar til að semja um ESB aðild vegnar reynslunnar í Icesave málinu. Sá slæmi samningur hafi gefið samningamönnum ESB forsmekkin að hverju mætti vænta af aðildarviðræðum við Ísland. Reynslan hefði sýnt að við hefðum einfaldlega ekki bolmagn til þess að standa uppi í hárinu á „þessum hákum þarna úti“ (Vigdís Hauksdóttir, 2009) í aðildarviðræðum í ljósi reynslunnar af Icesave samningaferlinu (Eiríkur Bergmann, 2011).

Eiríkur Bergmann lýsir því hvernig Sigmundur Davíð hafi einnig tengt Icesave málið með beinum hætti við mögulega ESB aðild. Sagði Sigmundur Davíð að alþjóðasamfélagið myndi refsa Íslendingum grimmilega á efnahagslegum forsendum ef við dirfðumst að fara fram á úrskurð dómstóls í málinu (Eiríkur Bergmann, 2011). Sigmundur Davíð áréttaði að Íslendingar myndu ekki láta kúga sig og vinsældir ESB færu dvínandi á Íslandi. Kenndi hann erlendu regluverki með tilkomu EES samningsins um efnahagsvandráðin hér á landi og tók Höskuldur Þórhallsson flokksbróðir Sigmundar Davíðs undir það. Sagði Höskuldur meðal annars að með tilkomu EES samningsins hefðu Íslendingar verið neyddir til þess að einkavæða banka sína þar sem ríkið mætti ekki keppa við einkafyrirtæki á markaði.

Þessi umræða sem hér hefur verið rakin fór í grófum dráttum fram um mitt ár 2009 og fram til loka þess. Af henni að dæma hefur flokksforysta Framsóknarflokksins snúist alfarið gegn

hugsanlegri ESB aðild sem er athyglisvert í ljósi aðildarsinnaðrar ESB stefnu sem flokksþing Framsóknarmanna samþykkti með afgerandi hætti fyrir á árinu.

Staðfastur málflutningur flestra Framsóknarþingmanna gegn Icesave og ESB aðild hélt áfram út kjörtímabilið en þó var ekki eining um þessa breyttu nálgun í þingflokknum eins og vikið verður að síðar. Svo virðist sem sú samstaða sem myndaðist meðal andstæðinga Icesave samninganna og ESB efahyggjumanna hafi orðið til þess að ýmsir áður ótengdir aðilar fóru að gefa Framsóknarflokknum frekari gaum. Vegna kröftugs málflutnings Framsóknarmanna í málaflökkunum virðist hafa farið svo að ýmsir áhrifamenn úr InDefence-hópnum, ADVICE-hópnum og Heimssýn, hreyfingu sjálfstæðissinna í Evrópumálum hafi gengið í flokkinn. Jóhannes Þór Skúlason sem var einn forvígismanna InDefence-hópsins og síðar aðaltalsmaður hans var ráðinn aðstoðarmaður Sigmundar Davíðs, formanns Framsóknarflokksins 2011 og síðar fékk hann ráðningu sem aðstoðarmaður forsætisráðherra eftir að Framsókn komst í ríkisstjórn (DV, e.d.) (Hallur Magnússon, 2011) (Heimasíða Forsætisráðuneytisins, 2013, 24. Maí).

Frosti Sigurjónsson stjórnarmaður í Heimssýn og talsmaður ADVICE-hópsins virðist löngum hafa verið allsótengdur pólitísku flokksstarfi og engin tengsl hafa haft við Framsóknarflokkinn (Heimasíða Frosta Sigurjónssonar, e.d.). Hins vegar hlaut hann skjótan frama innan flokksins eftir að hann tilkynnti um framboð sitt í prófkjöri Framsóknarflokksins í aðdraganda alþingiskosninga 2013 (Viðskiptablaðið, 2012, 25. Desember). Frosti er annar þingmaður Reykjavíkurlkjördæmis norður og ásamt Sigmundir Davíð, formanni flokksins eru þeir efstu menn á lista Framsóknarmanna í Reykjavíkurlkjördæmunum (Alþingi – Æviágrip, 2014b).

4.5.4 Flokksþing 2011

Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins ræddi á bloggsíðu sinni um þá nýafstaðið flokksþing í apríl 2011. Þar segir hún að ný stefna Framsóknarflokksins í Evrópumálum sem samþykkt hafi verið á flokksþinginu hafi endurspeglad vilja meirihluta flokksmanna. Vitnar Eygló í ályktanir flokksþingsins sem erfitt hefur reynst að grafa upp við vinnslu þessarar ritgerðar.

„Framsóknarflokkurinn telur hag lands og þjóðar best borgið utan Evrópusambandsins. Nú sem fyrr standa auðlindir þjóðarinnar undir velferð hennar og fullt og óskorað forræði á þeim er forsenda farsældar til framtíðar. Framsóknarflokkurinn telur að þjóðin skuli ætíð eiga beina aðkomu með þjóðaratkvæðagreiðslu að ákvörðunum um stórmál eins og aðild að Evrópusambandinu og mun berjast fyrir þeim rétti að hagsmunum þjóðarinnar sé betur borgið fyrir utan Evrópusambandið.“ (Eygló Harðardóttir, 2011).

Þessi ályktun er algjör kúvending á þeirri stefnu sem flokksþings Framsóknarmanna þar á undan samþykkti árið 2009. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og fór svo að fyrrum þingmaður Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs, Ásmundur Einar Daðason gekk í Framsóknarflokkinn og til liðs við þingflokk hans í júní 2011. Í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér af því tilefni kom fram að með nýrri Evrópustefnu hafi Framsóknarflokkurinn stigið mikilvægt skref, hann yrði leiðandi afl í baráttunni gegn ESB aðild Íslands (Pressan, 2011, 1. júní).

Síðar um sumarið gekk Guðmundur Steingrímsson, þingmaður Framsóknarflokksins úr þingflokknum og sagði skilið við Framsóknarflokkinn. Talsverðar ólgu virðist hafa gætt innan flokksins því margir Evrópusinnar voru mjög ósáttir við breytta stefnu í Evrópumálum. Þá yfirgaf meðal annarra Hallur Magnússon flokkinn eftir aldarfjórðungs veru í honum. Á bloggsíðu sinni er Hallur gagnrýninn á vinnubrögð nýrrar flokksforystu:

„að lokum læt ég fylgja frjálslýndar og vandaðar ályktanir flokksþings Framsóknarflokksins sem haldið var í janúar 2009 – ályktanir sem flokkurinn hefði betur unnið eftir – en voru meira og minna settar til hliðar á flokksþingi Framsóknar síðastliðið vor. En þessar ályktanir virðast ekki lengur að finna á vef Framsóknar frekar en margar góðar skýrslur fyrri ára.“ (Hallur Magnússon, 2011b).

Þessar ályktanir sem Hallur vitnar í voru ræddar í undirkaflanum „Flokksþing 2009“ hér að ofan. Bendir margt til þess að þær hafi verið unnar á töluvert annan hátt en ályktanir næsta flokksþings en verður sá samanburður nánar útlistaður í niðurlagi ritgerðarinnar.

Guðmundur Steingrímsson hefur síðar gagnrýnt Sigmund Davíð Gunnlaugsson, formann Framsóknarflokksins fyrir að fara með ósannindi. Eftirfarandi kemur fram í umfjöllun DV:

„Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði í Kastljósi í síðustu viku að bréf sem hann skrifaði undir og sendi til kjósenda undir eigin nafni fyrir kosningarnar 2009 hefði verið „sett fram af hópi“ sem hefði síðan yfirgefið flokkinn. Þá gerði hann lítið úr bréfinu og sagði menn hafa verið duglega við að „gramsá í gömlum pappírnum mörg ár aftur í tímann í þessu máli.“ Í bréfinu var stefna Framsóknarflokksins í Evrópumálum rakin. Þar kom fram að Framsóknarflokkurinn væri eini flokkurinn sem hefði markað sér skýra stefnu fyrir aðildarviðræður við Evrópusambandið.“ (DV, 2014, 10. mars).

Guðmundur bendir á að sú stefna sem um ræðir hafi verið samþykkt á fjölmennasta flokksþingi í sögu Framsóknarflokksins. Hafi sú vinna farið fram fyrir opnum tjöldum og á vegun alls flokksþingsins. Haft var eftir Sigmundi Davíð í Kastljósi að umrætt bréf til kjósenda hafði hann ekki samið sjálfur og sú Evrópustefna sem þar var sett fram hafi aldrei verið hans eigin afstaða. Að sögn Guðmundar hafi Sigmundur Davíð ekki lagst gegn umfjöllun um mögulega ESB aðild fyrir kosningar 2009 og þá gagnrýnir hann Sigmund Davíð fyrir að skrifa undir kosningabréfið og reyna svo að draga í land með það (DV, 2014, 10. mars).

4.5.5 Eftirmálar

Með samþykkt nýrrar Evrópustefnu á flokksþinginu 2011 má segja að stefnumótun Framsóknarmanna í málaflokknum hafi að mestu lokið þar sem enn er unnið eftir henni þegar þetta er ritað. Það sem eftir fylgdi var innleiðing nýju Evrópustefnunnar og hófst hún af krafti eftir að Framsóknarflokkurinn komst í ríkisstjórn eftir alþingiskosningarnar 2013. Fyrir kosningar sögðu báðir stjórnarflokkar að kjósa þyrfti um áframhaldandi aðildarviðræður við ESB. Eftir myndun nýrrar ríkisstjórnar undir forsæti Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar lagði utanríkisráðherra á haustdögum 2013 fram skýrslu um aðildarviðræður Íslands við ESB. Í henni kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að hlé skuli gert á aðildarviðræðum við ESB sem hófust á árinu 2009 og úttekt gerð á stöðu viðræðnanna og þróun mála innan sambandsins. Úttektin verði lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar og kynnt fyrir þjóðinni. Ekki verði haldið lengra í aðildarviðræðum við ESB nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.

Utanríkisráðherra fól með samningi dags. 25. október 2013 Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að annast framangreinda úttekt og skila um hana skýrslu.“ (Alþingi, e.d.).

Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands var lögð fyrir Alþingi 19. febrúar 2014 (Heimasíða Utanríkisráðuneytisins, 2014, 25. febrúar). Tveimur dögum síðar kynnti Gunnar Bragi Sveinsson, utanríkisráðherra drög að þingsályktunartillögu um viðræðuslit við ESB fyrir þingflokkum ríkisstjórnarinnar (RÚV, 2014, 21. febrúar). Fáeinum dögum síðar var þingsályktunartillaga um að draga aðildarumsókn Íslands að ESB til baka lögð fyrir Alþingi. Hér virðist ráðherra hafa gengið á bak orða sinna sem vitnað var í hér að ofan enda kom þar fram að fjalla ætti um skýrsluna á Alþingi og kynna hana fyrir þjóðinni. Umfjöllun um skýrsluna á Alþingi þótti ekki næg áður en tillagan um viðræðuslit kom fram í ljósi þess að þessi skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands var umfangsmikil og ítarleg, taldi hún hátt í 150 síður og varla raunhæft að mynda sér skoðun á aðildarmálinu útfrá þeirri úttekt á svo skömmum tíma.

Skemmst er frá því að segja að tillagan um viðræðuslit féll í afar grýttan jarðveg. Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrum ritstjóri Fréttablaðsins, var harðorður í garð forystu Sjálfstæðisflokksins er hann lét hafa eftir sér: "Nú hefur formaðurinn ákveðið að svíkja þetta. Þetta er eitt stærsta loforð sem gefið hefur verið í íslenskum stjórnámálum og þetta eru ein stærstu svik sem gerð hafa verið í íslenskum stjórnámálum.“ (Viðskiptablaðið, 2014, 22. febrúar).

Víðtæk mótmæli almennings fylgdu í kjölfar tillögunnar um viðræðuslit og þegar yfir lauk höfðu rúmlega 53 þúsund manns skrifað undir eftirfarandi áskorun á vefsíðunni www.þjóð.is:

„VIÐ UNDIRRITUÐ...

...skorum á Alþingi að leggja til hliðar tillögu til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og boða til þjóðaratkvæðagreiðslu. Þar verði spurt:

Vilt þú ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið, sem hófust með ályktun Alþingis 16. júlí 2009, eða vilt þú slíta þeim?“

Ekki náðist sátt um tillöguna um viðræðuslit á Alþingi og dró utanríkisráðherra hana á endanum til baka. Ekki var orðið við áskorun um þjóðaratkvæðagreiðslu og ríkir enn nokkur óvissa um framvindu málsins. Gunnar Bragi Sveinsson, utanríkisráðherra, hefur sagt forystumenn ríkisstjórnarinnar vera að velta málinu fyrir sér og hugsanlega verði önnur þingsályktunartillaga lögð fram um slit á viðræðum. Sú tillaga gæti komið til umfjöllunar næsta haust (MBL, 2014, 21. maí).

Af ofangreindri umfjöllun að dæma einkennir djúpstæð ESB efahyggja viðhorf núverandi flokksforystu Framsóknarflokksins. Þá virðist sem gjörólíkum vinnubrögðum hafi verið beitt á vegum flokksins þegar hin aðildarfælna Evrópustefna var sett fram í samanburði við þá aðildarsinnuðu. Ítarlega skýringu á þessum ályktunum má finna í niðurlagi ritgerðarinnar.

5 Niðurlag

Í þessari ritgerð var fjallað um hugtökin ESB efahyggju og þjóðernishyggju og sýnt fram á hvernig þau geta skýrt neikvæða afstöðu til Evrópusamrunans. Skýrt var frá ástæðum ESB efahyggju sem tengjast aðallega þjóðernishyggju og þjóðarhagsmunum auk vanþekkingar á eðli, uppbyggingu og starfssemi ESB. Rætt var um sérkenni íslenskrar þjóðernishyggju og hvernig orðræða sjálfstæðisbaráttunnar er einkennandi fyrir alla pólitíska umræðu hér á landi, sér í lagi umræðuna varðandi erlent samstarf.

Þá var fjallað um Framsóknarstefnuna og rætt um uppruna og tilurð flokksins. Sýnt var fram á hvernig upphafleg stefnuskrá flokksins hefur haft mótandi áhrif á starfsemi flokksins og sést vel hvernig núverandi grundvallarstefnuskrá Framsóknarflokksins endurómar upphafleg markmið flokksins.

Í ritgerðinni var ítarlega rætt um breytingar á Evrópustefnu Framsóknarflokksins og sýnt fram á þá ævarandi togstreitu sem ríkt hefur innan hans vegna ólíkra sjónarmiða um Evrópusamrunann. Umfjöllunin sýnir fram á hvernig afstaða flokksins til Evrópusamrunans tengist því hvort flokkurinn er í ríkisstjórn eða stjórnarandstöðu þegar ákvörðanir eru teknar um frekara samstarf Íslands við erlendar þjóðir. Hefur flokkurinn verið hlynntur frekara Evrópusamstarfi þegar hann er í ríkisstjórn og andvígur því þegar hann er í stjórnarandstöðu. Þannig var sýnt fram á hvernig Framsóknarflokkurinn studdi aðild Íslands að NATO er hann var í ríkisstjórn. Þá var hann andsnúinn aðild Íslands að EFTA í upphafi og með því að sitja hjá við atkvæðagreiðslu á Alþingi undirstrikaði flokkurinn að hann vildi „bíða og sjá til“ hvort sækjast ætti eftir aðild að EFTA. Framsóknarflokkurinn kaus gegn EES samningnum eftir að hafa tekið þátt í að hefja samningaferlið þegar flokkurinn leiddi ríkisstjórn, þá snerist flokkurinn gegn EES samningnum eftir að vera kominn í stjórnarandstöðu. Þegar kosið var um aðildarviðræður Íslands við ESB á Alþingi árið 2009 var Framsóknarflokkurinn í stjórnarandstöðu og greiddi afgerandi meirihluti þingmanna flokksins atkvæði gegn tillögunni.

Rannsóknarspurningu verkefnisins þarf að gera góð skil. Spurt var: Hvað skýrir vendingar Framsóknarflokksins í Evrópumálum eftir hrun?

Svara þarf rannsóknarspurningunni í tveimur liðum þar sem stefnubreytingarnar voru tvær.

Fyrri stefnubreytingin grundvallaðist á umfangsmiklu grasrótastarfi innan flokksins. Hafði á vegum flokksins verið reynt að fara ítarlega yfir alla fleti málsins er snertu aðild Íslands að ESB á fundum Evrópunefnda flokksins. Á vegum nefndanna var rætt á upplýstan, opinskáan

og lýðræðislegan hátt um bæði kosti og galla hugsanlegrar ESB aðildar. Öll sjónarmið voru þar viðruð og virtist að sögn viðmælanda sem átti sæti í fyrri nefndinni neikvæð afstaða manna í upphafi hafa byggst á ókunnugleika og þekkingarleysi. Þannig hafi ESB efahyggja verið kveðin niður með aukinni upplýsingagjöf um eðli og umfang ESB. Opin og upplýst umræða hafi með þeim leiðum orðið til þess að margir efasemdameñn breyttu afstöðu sinni í jákvæða átt gagnvart hugsanlegri aðild Íslands að ESB. Hin aðildarsinnaða stefna varð að miklu leyti til fyrir tilstuðlan Halldórs Ásgrímssonar en hann greiddi leið hispurlausra innanflokkssumræðna um málið. Tók sú stefnumótunarvinna í Evrópumálum nokkur ár að verða til áður en hin aðildarsinnaða Evrópustefna Framsóknarflokksins var samþykkt á flokksþingi 2009. Hin áður íhaldssami landsbyggðar- og landbúnaðarflokkur gerðist frjálslyndur.

Síðari stefnubreytingin virðist lúta gjörólíkum skýringum. Mikil þjóðernisvakning hafði orðið á Íslandi í kjölfar Icesave málsins og hin aðildarfælna Evrópustefna Framsóknarflokksins varð til fyrir tilstuðlan kröftugra andmæla flokksmanna gegn Icesave samningunum. Andstaða meirihluta almennings við Icesave samningana er alþekkt enda hafnaði þjóðin þeim tvívegis í þjóðaratkvæðagreiðslu. ESB varð fljótlega í Icesave umræðunni skotsþónn margra andstæðinga samninganna og virðist sem sú umræða hafi leitt til aukinnar ESB efahyggju íslensks almennings eins og skoðanakannanir Capacent sem áður var vísað í benda til. Því má færa rök fyrir því að ný flokksforysta hafi verið að bregðast við háværum gagnrýnisröddum í samfélaginu með því að snúast gegn ESB. Þarna virðist vera um einhvers konar hentistefnu að ræða þar sem flokksforystan var að tala þvert á nýsamþykktu stefnu Framsóknarflokksins í Evrópumálum. Má jafnvel halda því fram að málflutningur Framsóknarþingmanna gegn Icesave samkomulaginu og gegn aðild Íslands að ESB beri ákveðinn keim af þjóðernispopúlisma. Hins vegar má með sanni segja að eftir miklar mannabreytingar í framvarðarsveit flokksins hafi fólk komið inn í flokksforystuna sem hafði allt aðrar grundvallar hugsjónir gagnvart Evrópusamrunanum. Hvort þessar hugsjónir hafi að einhverju leyti mótast af ríkjandi almenningsáliti skal ósagt látið. Hins vegar er ljóst að nýr formaður flokksins hefur löngum haft efasemdir gagnvart ESB eins og heyra mátti í viðtali við hann strax eftir flokksþing 2009. Þá virðist Sigmundur Davíð hafa unnið markvisst að því að koma fleiri ESB efahyggjumönnum inn í framvarðarsveit flokksins. Sést það til að mynda af ráðningu Jóhannesar Þórs Skúlasonar talsmanns InDefence sem aðstoðarmanns hans og skjótum frama Frosta Sigurjónssonar, stjórnarmanni í Heimssýn og talsmanni ADVICE-hópsins innan flokksins.

Eftir þessa greiningu er ljóst að aðildarsinnuð Evrópustefna kom frá grasrót flokksins en sú síðari frá flokksforystunni. Þessar andstæðu stefnur í Evrópumálum urðu þannig til með ólíkri aðferðafræði. Þá fyrri má nefna svokallaða „bottom-up“ nálgun í ákvarðanatöku en þá síðari svonefnda „top-down“ nálgun. Það skiptir vissulega máli hvort ákvarðanir í stjórnámálum eru teknar á lýðræðislegan hátt eða ekki. Meginmarkmiðið hér er hins vegar að skýra hvers vegna var ákveðið var að stefna í tiltekna átt frekar en aðra.

Hinn frjálslyndi, Evrópusinnaði Framsóknarflokkur sem Halldór Ásgrímsson hafði manna mest barist fyrir að móta út frá hinum íhaldsamari og ESB efahyggjuríka flokki Steingríms Hermannssonar átti ekki langa lífdaga. Hin nýja og unga flokksforysta Framsóknarflokksins sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson leiðir hefur að miklu leyti hafnað stefnumótunarvinnu forvera sinna og enn aftur gefið Framsóknarflokknum andlitslyftingu, nú með vísan í íhaldssama þjóðernisstefnu fyrri tíma.

Athyglisverð er sú niðurstaða að Framsóknarflokkurinn undir forystu Halldórs Ásgrímssonar virðist hafa verið mun lýðræðislegri í ákvarðanatöku í Evrópumálum en Framsóknarflokkurinn undir forystu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Sést það, annars vegar, á þeirri vönduðu og lýðræðislegu stefnumótun sem fram fór í Evrópunefnd flokksins fyrir atbeina Halldórs Ásgrímssonar. Sú stefnumótunarvinna varð síðar grundvöllur að nýrri Evrópustefnu flokksins og var hún samþykkt á fjölmennasta flokksþingi Framsóknarflokksins í manna minnum árið 2009. Hins vegar virðist þröngur hópur manna í hinni nýju flokksforystusveit Sigmundar Davíðs hafa ákveðið að leggja þessa stefnu til hliðar. Það er að segja strikað hana alfarið út og lagt fyrir síðasta flokksþing lítið rædda stefnu í formi ályktunar um að hagsmunum Ísland sé betur borgið utan ESB. Sú aðferðafræði er í grundvallaratriðum ólík þeim vinnubrögðum sem viðhöfð voru við mótun hinnar fyrri ESB-stefnu sem vikið var frá.

6 Lokaorð

Í nýlegri grein sem birtist í MAN Magasín fyrr í þessum mánuði viðraði Atli Þór Fanndal, blaðamaður, þá skoðun sína að Framsóknarflokkur Sigmundar Davíðs sé hægripopúlísk hreyfing (Atli Þór Fanndal, 2014). Rökstuddi hann þá ályktun sína með tilvísun í greiningar aðferð Wilfried Martens Centre for European Studies á popúlisma (Chryssogelos, Angelos-Stylianos 2011). Niðurstaða greiningar blaðamanns er að Framsóknarflokkurinn uppfyllir ýmis skilyrði hægri popúlisma; hann hefur sterkan leiðtoga, stefna flokksins kemur að ofan frá forystunni fremur en frá grasrótinni, flokkurinn telur sig fórnarlamb ósanngjarnar ásakana, flokkurinn sýnir af sér ritskoðunar- og þöggunartilburði og flokkurinn sækir sér pólitískt vald til öfgahópa sem beita hatursfullum áróðri gegn þeim sem þeir telja sér óvinveitta. Blaðamaður undirstrikar þá sértstöðu sem greinir flokkinn frá erlendum hreyfingum að svipuðum meiði; hér á landi hafi popúlistar náð fótfestu í rótgrónum stjórn málaflokki en slíkt gerist sjaldan erlendis (Atli Þór Fanndal, 2014).

Framsóknarflokkurinn hefur í seinni tíð átt undir miklu höggi að sækja vegna ýmissa vafasamra tilburða. Dugir að nefna umdeilda þingsályktunartillögu um slit aðildarviðræðna við ESB, þverneitun utanríkisráðherra um að veita Ríkisútvarpinu viðtal, yfirlýsingar Sigrúnar Magnúsdóttur, þingflokksformanns Framsóknarflokkseins um að hún sakni fjölmiðils sem skilji flokkinn og síðast en ekki síst moskuútspilil Sveinbjargar Birnu Sveinsdóttur, oddvita floksins í Reykjavík í aðdraganda borgarstjórnarkosninga.

Grein Atla Þórs Fanndal vakti óskipta athygli þess er hér ritar enda umfangsmikil og vel unninn. Barst hún þó heldur seint fyrir sjónir höfundar þessarar ritgerðar til þess að geta stuðlað að breyttri nálgun verkefnisins. Verkefnið tók þó umfangsmiklum breytingum á ritunartímanum og voru þær breytingar gerðar til að skerpa athyglina á það sem þótti skipta mestu máli. Það er von höfundar að umfjöllunin sem fór fram á þessum síðum hafi þótt gagnleg og fræðandi.

7 Heimildaskrá

- Alþingi – Æviágrip. (2006). Halldór Ásgrímsson. Sótt af vef Alþingis 29. júlí 2014. <http://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=8>
- Alþingi – Æviágrip. (2014). Steingrímur Hermannsson. Sótt af vef Alþingis 29. júlí 2014. <http://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=554>
- Alþingi – Æviágrip. (2014b). Frosti Sigurjónsson. Sótt af vef Alþingis 29. júlí 2014. <http://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=1162>
- Alþingi. (e.d.). Skýrsla utanríkisráðherra um aðildarviðræður við Evrópusambandið (ESB) og um þróun mála innan sambandsins. Lögð fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014. Sótt af vef Alþingis 29. júlí 2014. <http://www.althingi.is/altext/143/s/pdf/0610.pdf>
- Atli Þór Fanndal. (2014, júlí). Af elítum, hrægömmum og óttaslegnum Íslendingum: sögur í islömsku samhengi. *MAN Magasín*, bls. 44-51.
- Auglýsing frá landskjörstjórn um úrslit kosninga til Alþingis 12. maí 2007. (2007). Sótt á vef kosning.is 29. júlí 2014. <http://2007.kosning.is/frettir/nr/6223.html>
- Ágústa Þorbergsdóttir, Kristín Una Friðjónsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.). (2012). *Íðorðasafn í alþjóðastjórnnumálum og stjórnmálafræði*, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ásta R. Jóhannesdóttir. (2012). 138. löggjafarþing — 72. fundur. Minning Steingríms Hermannssonar. Sótt af vef Alþingis 29. júlí 2014. <http://www.althingi.is/altext/raeda/138/rad20100202T133106.html>
- Baldur Þórhallsson og Gunnar Helgi Kristinsson, (2004) The Euro-sceptical political elite. Í Baldur Þórhallsson (ritstj.) *Iceland and European Integration*“ London og New York: Routledge
- Baldur Þórhallsson (2014) Ráða flokkarnir við ESB? Sótt 30. júlí 2014. <http://www.visir.is/rada-flokkarnir-vid-esb-/article/2014703059985>
- Baldur Þórhallsson og Hjalti Þór Vignisson. (2004). The first steps: Iceland's policy on European intergration from the foundation of the republic to 1972. Í Baldur Þórhallsson (ritstj.) *Iceland and European Integration: On the Edge* (bls. 21-34). London og New York: Routledge.

-
- Baldur Þórhallsson og Hjalti Þór Vignisson. (2004b). Towards a new theoretical approach. Í Baldur Þórhallsson (ritstj.) *Iceland and European Integration: On the Edge* (bls. 38-48). London og New York: Routledge.
- Baldur Þórhallsson. (2004). Towards a new theoretical approach. Í Baldur Þórhallsson (ritstj.) *Iceland and European Integration: On the Edge* (bls. 185-206). London og New York: Routledge.
- Baldur Þórhallsson. (2004a). Approaching the question: domestic background and conceptual framework. Í Baldur Þórhallsson (ritstj.) *Iceland and European Integration: On the Edge* (bls. 1-18). London og New York: Routledge.
- Bellamy, R., & Castiglione, D. (2000). The Uses of Democracy: Reflections on the European Democratic Deficit. Í E. O. Eriksen, & J. E. Fossum (ritstj.), *Democracy in the European Union: Integration Through Deliberation* (bls. 65-84). London, Canada: Routledge.
- Birgir Hermannsson. (2005). *Understanding Nationalism: Studies in Icelandic Nationalism, 1800-2000*, Stockholm, Department of Political Science, Stockholm University.
- Bohman, J. (2010). Democracy and world politics. Í D. Bell (ritstj.), *Ethics and World Politics* (bls. 377-394). New York: Oxford University Press.
- Capacent. (2014). Aðildarviðræður við Evrópusambandið. *Þjóðarpúlsfréttir*. Sótt 29. júlí 2014. <http://www.capacent.is/rannsoknir/thjodarpulsinn/nr/1813>
- Chryssogelos, Angelos-Stylianos (2011). *Old Ghosts in New Sheets: European Populist Parties and Foreign Policy*. Sótt 29. júlí 2014 af vef Center For European Studies http://martenscentre.eu/sites/default/files/publication-files/old_ghosts.pdf
- Drög að ályktunum fyrir 29. flokksþing framsóknarmanna haldið 2.-3. mars 2007 (2007) Sótt 29. júlí 2014 <http://www.mbl.is/media/54/654.pdf>
- Drög að ályktunum fyrir 30. flokksþing framsóknarmanna haldið 16.-18. janúar 2009 (2009) Sótt 29. júlí 2014 <http://www.mbl.is/media/79/1179.pdf>
- Drög að ályktunum fyrir 31. flokksþing framsóknarmanna (2011)
- DV. (2013, 23. janúar) *Jón Bjarnason hættur í þingflokki VG*. Sótt 29. júlí 2014. <http://www.dv.is/frettir/2013/1/23/jon-bjarnason-haettur-i-vg/>

- DV. (2014, 10. mars) *Fjölmennasta landsþing Framsóknar á bak við bréfið sem Sigmundur gerði lítið úr*. Sótt 29. júlí 2014. <http://www.dv.is/frettir/2014/3/10/fjolemennasta-landsting-framsoknar-bak-vid-brefid-sem-sigmundur-gerdi-litid-ur/>
- DV. (e.d.). Stjórnlagaráð. Jóhannes Þór Skúlason. Sótt 29. júlí 2014 á vef DV. <http://www.dv.is/stjornlagathing/johannes-thor-skulason/grein/277/>
- Eiríkur Bergmann (2009), „*Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar*“ áhrif þjóðernishugmynda á *Evrópastefnu íslenskra stjórnvalda*, óútgefin doktorsritgerð, Háskóli Íslands, Stjórnfræðideild, Reykjavík.
- Eiríkur Bergmann, (2002) *Evrópusamruninn og Ísland*, Reykjavík, Háskólaútgáfan,.
- Eiríkur Bergmann. (2006). Ísland greiðir fyrir stækkun ESB! Grein í ráðstefnubókinni *Rannsóknir í félagsvísindum VII, Þjóðarspejillinn*. Ráðstefna í HÍ 27. október 2006. Sótt 29. júlí 2014. http://starfsmenn.bifrost.is/default.asp?sid_id=28309&tId=1
- Eiríkur Bergmann. (2008) *Er sjálfkrafa Evruvæðing hafin?* Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst.
- Eiríkur Bergmann. (2011). *Sjálfstæð þjóð: trylltur skríll og landráðalyður*, Reykjavík, Veröld.
- Evrópunefnd Framsóknarflokksins (2007) *Skýrsla*. Sótt 29. júlí. <http://www.mbl.is/media/69/669.pdf>
- Evrópunefnd Framsóknarmanna (2001) *Nefndarálit*. Sótt 29. júlí. <http://wayback.vefsafn.is/wayback/20090513112134/http://www.framsokn.is/files/3415-0.pdf>
- Evrópuvefur. (2012) „Fjórfræðingur“. Evrópuvefurinn. Sótt 29. júlí. <http://evropuvefur.is/?id=62311>.
- Eygló Harðardóttir. (2011). Framsókn gegn ESB aðild. Sótt 29. júlí 2014. <http://blog.pressan.is/eyglohardar/2011/04/09/framsokn-gegn-esb-adild/>
- Frosti Sigurjónsson. (2013) *Sigur Íslands í Icesave málinu*. Sótt 29. júlí 2014 á heimasíðu Frosti Sigurjónssonar. <http://frostis.is/sigur-islands-i-icesave-malinu/>
- Guðmundur Hálfðanarson. (2004). Towards a new theoretical approach. Í Baldur Þórhallsson (ritstj.) *Iceland and European Integration: On the Edge* (bls. 128-141). London og New York: Routledge.

- Gunnar Helgi Kristinsson. (1996). Iceland and the European Union: Non-Decision on Membership. In Lee Miles (ritstj.) *The European Union and the Nordic Countries*. New York. Routledge.
- Morgunblaðið. (2006, 6. júní). *Halldór Ásgrímsson hættir í stjórnámálum*. Sótt 29. júlí 2014. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1086541/>
- Halldór Ásgrímsson. (2000). *Staða Íslands í Evrópusamstarfi, Skýrsla Halldórs Ásgrímssonar utanríkisráðherra um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi*, Reykjavík.
- Halldór Ásgrímsson. (2005). Setningarræða Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra og formanns Framsóknarflokksins á flokksþingi Framsóknarflokksins febrúar 2005. Sótt 29. júlí 2014. <http://www.mbl.is/media/25/225.pdf>
- Hallur Magnússon. (2011) Aðstoðarmannakróníka. Sótt 29. júlí 2014 <http://blog.pressan.is/hallurm/2011/05/25/adstodarmannakronika/>
- Hallur Magnússon. (2011b) Farvel Framsókn. Sótt 29. júlí 2014. <http://blog.pressan.is/hallurm/2011/09/10/farvel-framsokn/>
- Harmsen, R., og Spiering, M. (2005). *Euroscepticism: Party Politics, National Identity and European Integration*. Amsterdam: Ropodi B.V.
- Heimasíða Forsætisráðuneytisins. (2013, 24. maí). *Jóhannes Þór ráðinn aðstoðarmaður forsætisráðherra*. Sótt á fréttasíðu ráðuneytisins 29. júlí 2014. <http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/7592>
- Heimasíða Frosta Sigurjónssonar. (e.d.). Um Frosta. Sótt 29. júlí 2014. <http://frostis.is/um-frosta/>
- Heimasíða Utanríkisráðuneytisins. (2014, 25. febrúar) *Þingsályktunartillaga um að draga aðildarumsókn Íslands að ESB til baka*. Sótt á fréttasíðu ráðuneytisins 29. júlí 2014. <http://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/nr/7968>
- Hjalti Ómar Ágústsson. (2014) *Dómur EFTA dómstólsins í máli E-16/11: Icesave, aðdragandi, lögsaga dómstóla og niðurstaða EFTA dómstólsins*. meistararitgerð, lagadeild, Háskólinn á Akureyri, Lagadeild. Hug- og félagsvísindasvið.
- Hugtakasafn þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins. (e.d.). Sótt 29. júlí 2014. <http://www.hugtakasafn.utn.stjr.is/>

Hylarides, Peter C. (2001) *The Netherlands from Euroscepticism to Europhoria*. Sótt 17 júlí 2014 af *The Free Library*.
<http://www.thefreelibrary.com/THE+NETHERLANDS%3a+FROM+EUROSCEPTICISM+TO+EUROPHORIA.-a080194456>

Ingólfur Sverrisson. (2014) Munnleg heimild.

Ísland í dag. (2009, 19. Janúar). *Sigmundur Davíð Gunnlaugsson nýr formaður Framsóknarflokksins*. Sótt 29. júlí 2014.
<http://www.visir.is/section/MEDIA99&fileid=VTV87794E47-8A97-4CD9-9946-4703F8062BED>

Jónas Haraldsson. (2012) Löggjafarvaldið er þingsins. *Fréttatíminn*. Sótt 29. júlí 2014.
http://www.frettatiminn.is/vidhorf/loggjafarvaldid_er_thingsins/

Leonard, M. & Torreblanca, J.I. (2013). The remarkable rise of continental Euroscepticism. *The Guardian*. Sótt 29. Júlí 2014
<http://www.theguardian.com/commentisfree/2013/apr/24/continental-euroscepticism-rise>

MBL. (2006, 18. ágúst) *Siv segir að ekkert liggi á að ræða aðild að ESB*. Sótt 29. júlí 2014.
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2006/08/18/siv_segir_ad_ekkert_liggi_a_ad_raeda_adild_ad_esb/

MBL. (2006, 19. ágúst) *Jón Sigurðsson er nýr formaður Framsóknarflokksins*. Sótt 29. júlí 2014.
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2006/08/19/jon_sigurdsson_er_nyr_formadur_framsoknarflokksins/

MBL. (2007, 15. Maí). *Einar Sveinbjörnsson: Framsóknarflokkur verði utan stjórnar*. Sótt 29. júlí 2014 af mbl.is.
http://www.m.mbl.is/frettir/kosning/2007/05/15/framhald_nuverandi_stjornarsamstarfs_feigdarflan/

MBL. (2007, 23. Maí). *Jón Sigurðsson segir af sér formennsku*. Sótt 29. júlí 2014.
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2007/05/23/jon_sigurdsson_segir_af_ser_formennsku/

MBL. (2008, 12. apríl) *Valgerður situr aðeins fram að flokksþingi* Sótt 29. júlí 2014.
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2008/12/04/formadur_fram_ad_flokkstthingi/

MBL. (2009, 16. janúar) *Framsókn vill sækja um ESB aðild með skilyrðum*. Sótt 29. júlí 2014.
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/01/16/framsokn_vill_saekja_um_esb_2/

- MBL. (2014, 21. maí) *Ný ESB tillaga kemur til greina*. Sótt 29. júlí 2014.
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/05/18/ny_esb_tillaga_kemur_til_greina/
- Morgunblaðið. (1994, 29. nóvember) *Ný forysta kjörin í Framsóknarflokknum Halldór fékk 97%*. Sótt 29. júlí 2014. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/165866/>
- Morgunblaðið. (2002, 27. september) *Umræða um aðild Íslands að ESB er óhjákvæmileg*. Sótt 29. júlí 2014. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/689900/>
- Morgunblaðið. (2002, 6. júní). *Orri Hlöðversson ráðinn bæjarstjóri*. Sótt 29. júlí 2014.
<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/672154/>
- Morgunblaðið. (2008, 19. Janúar) *Framsókn kveður fortíðina*. Sótt 29. júlí 2014.
http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1265151/?item_num=10&dags=2009-01-19
- Nugent, N. (2010). *The Government and Politics of the European Union*. 7 útgáfa.
Basingstoke, UK: Palgrave Macmillan
- Næst versta útkoma Sjálfstæðisflokksins í 30 ár. (2013) *Fréttir vb.is*. Sótt 29. júlí 2014.
<http://www.vb.is/frettir/83419/>
- Pressan. (2011, 1. júní). *Ásmundur Einar í Framsókn: Er hrifinn af „skynsamlegum“ málflutningi Sigmundar Davíðs*. Sótt 29. júlí 2014.
<http://www.pressan.is/Vidskipti/Lesavidskiptafrettir/asmundur-einar-i-framsokn-er-hrifinn-af-skynsamlegum-malflutningi-sigmundar-davids?pressandate=20110603>
- Public Opinion (e.d.) Sótt 29. Júlí 2014 af http://ec.europa.eu/public_opinion/index_en.htm
- Results of the 2014 European elections. (e.d.) Sótt af vef Evrópuþingsins (e. European Parliament) 29. júlí 2014. <http://www.results-elections2014.eu/en/turnout.html>
- RÚV. (2011, 21. mars) *Atli og Lilja hætt í þingflokki VG*. Sótt 29. júlí 2014.
<http://www.ruv.is/node/148854>
- RÚV. (2014, 21. Febrúar) *Meirihluti styður að viðræðum verði slitið*. Sótt 29. júlí 2014.
<http://www.ruv.is/frett/meirihluti-styður-ad-vidraedum-verdi-slitid>
- Sagan – Í tímans rás (e.d.). Sótt af vef Framsóknarflokksins 29. júlí 2014.
<http://www.framsokn.is/sagan-i-timans-ras/>

Sieberson, S. C. (2008). The Treaty of Lisbon and its impact on the European Union's Democratic Deficit. *Columbia Journal of European Law Vol 14:3* , 446-465.

Skessuhorn. (2008, 17. nóvember) *Guðni hættir þingmennsku og formennsku í Framsókn*. Sótt 29.júlí 2014. <http://www.skessuhorn.is/frettir/nr/79521/>

Standard Eurobarometer 77. (2012). *Public opinion in the European Union. First Results*. European Commission.

Standard Eurobarometer 80. (2013). *Public opinion in the European Union. First Results*. European Commission.

Stefna Framsóknarflokksins (2013) Sótt 29. júlí 2014 á heimasíðu Framsóknarflokksins <http://www.framsokn.is/stefnan/>

Stefna Pírata um Evrópumál (e.d.). Sótt 29. júlí 2014 á heimasíðu Pírata <http://www.piratar.is/stefnumal/evropusambandid/>

Szczerbiak, A., & Taggart, P. (2008). *Opposing Europe?: The Comparative Party Politics of Euroscepticism Volume 2*. New York: Oxford University Press.

Sögulegt: Fyrsta vinstri stjórinn á lýðveldistímanum. (2009) Innlendar fréttir dv.is. Sótt 29. júlí 2014. <http://www.dv.is/frettir/2009/5/10/sogulegur-dagur-fyrsta-vinstri-stjornin-lydveldistimanum/>

Talningu lokið. (2009). Vísir innlendar fréttir. Sótt 29. júlí 2014. <http://www.visir.is/article/20090426/FRETTIR01/357359848/1288>

Taylor, Paul & Emmott, Robin (2014) Euroskeptic election surge gives EU a headache. *Reuters*. Sótt 29. júlí 2014 <http://www.reuters.com/article/2014/05/26/us-eu-election-idUSBREA4N0DK20140526>

Traynor, Ian (2014) Front National wins European parliament elections in France. *The Guardian*. Sótt 29. júlí 2014. <http://www.theguardian.com/world/2014/may/25/france-national-front-win-european-elections>

Viðskiptablaðið. (2009, 18. janúar). *Framsóknarflokkurinn: Ný forysta er svar við kallinu um breytingar*. Sótt 29.júlí 2014. <http://www.vb.is/frettir/9211/>

Viðskiptablaðið. (2012, 24. september) *Gauragangur í Framsókn*. Sótt 29.júlí 2014. <http://www.vb.is/frettir/76500/>

-
- Viðskiptablaðið. (2012, 25. Desember) *Frosti vill leiða Framsókn í Reykjavík*. Sótt 29. júlí 2014. <http://www.vb.is/frettir/76529/>
- Viðskiptablaðið. (2014, 22. febrúar) *Stærstu svik íslenskra stjórn mála*. Sótt 29. Júlí. <http://www.vb.is/frettir/102185/>
- Vigdís Hauksdóttir. (2009). 137. löggjafarþing — 38. fundur, 10. júlí 2009. Aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Sótt af vef Alþingis 29. júlí 2014. <http://www.althingi.is/altext/raeda/137/rad20090710T212009.html>
- Vísir (2009, 24. janúar). *Stjórnarslit voru tíð*. Sótt 29. júlí 2014. <http://www.visir.is/stjornarslit-voru-tid/article/2009315705360>
- Vísir. (2011, 13. apríl) *Ásmundur Einar hættur í þingflokki VG*. Sótt 29. júlí 2014. <http://www.visir.is/asmundur-einar-haettur-i-thingflokki-vg/article/2011110419505>
- Wikipedia (e.d.) Framsóknarflokkurinn. Sótt 29. júlí 2014. <http://is.wikipedia.org/wiki/Frams%C3%B3knarflokkurinn>
- Þjóðaratkvæði. (e.d.) Bakgrunnur, Landsbanki Íslands hf. og Icesave. Sótt 29. júlí 2014. <http://thjodaratkvaedi.is/2011/is/bakgrunnur/landsbankiislandsicesave.html>
- Þórarinn Þórarinsson. (1966) *Sókn og sigrar: saga Framsóknarflokksins*, Fyrri bindi, Reykjavík, Framsóknarflokkurinn.





HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

